



Nokkur fjöldi mætti á samstöðufund á Arnarhóli síðdegis í gær til að vekja athygli á máli Uhunoma Osayomare, 21 árs gamals manns frá Nígíeríu, sem til stendur að vísa frá landinu. Rúmlega 32 þúsund manns hafa skrifað sig á undirskriftalista til að biðla til stjórnvalda að veita honum alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HÍ vill kaupa Bændahöllina

Rektor Háskóla Íslands segir að horft sé til þess að flytja menntasvið skólans í húsnæði Hótel Sögu sem er í eigu Bændasamtakanna. Ódýrara en að byggja nýtt húsnæði. Skuldir yfir fjórum milljörðum króna.

VIÐSKIPTI Háskóli Íslands hefur til skoðunar að festa kaup á húsnæði Hótel Sögu. Þetta staðfestir Jón Atli Benediktsson, rektor skólans, í samtali við Markaðinn, og nefnir að viðræður standi yfir við menntamálaráðuneytið um kaupin.

Hann segir að horft sé til þess að flytja menntasvið Háskóla Íslands frá Stakkahlíð í bygginguna. Að sama skapi sé til skoðunar að þar verði skrifstofur, tæknideild og stúdentagarðar. Stefnt hafi verið að því að flytja menntasvið frá því að Háskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskólanum árið 2008.

Aðspurður segir Jón Atli að það væri ódýrara að festa kaup á Hótel

Ódýrara er að festa kaup á Hótel Sögu, að gefnum tilteknum forsendum, en að byggja nýtt húsnæði. Eignin krefst þó endurbóta til að aðlag hana að skólastarfinu.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



Sögu, að gefnum tilteknum forsendum, en að byggja nýtt húsnæði. Eignin krefjast einhverra endurbóta til að aðlag hana að skólastarfinu.

Háskólinn er með mikla starfsemi í grennd við Hótel Sögu og eru meðal annars fyrirlestrar haldnir í Háskólabíói sem stendur á móti hótelinu. Þjóðarbókhlaðan er steinsnar frá og við bókasafnið er verið að byggja Hús íslenskunnar.

Bændahöllin, félag í eigu Bændasamtaka Íslands sem á umrædda fasteign, og Hótel Saga, félag í eigu samtakanna sem hafði með höndum rekstur hótelsins, eru í greiðsluskulði til 7. apríl. Hótel Saga rekur 236 herbergja hótél undir

merkjum Radisson Blu og veitingahúsið Grillið.

Heimildir Markaðarins herma að umtalsverður fjöldi, hátt í 20 innlendir sem erlendir, hafi sýnt húsnæðinu áhuga.

Halla tók undan rekstrinum fyrir heimsfaraldurinn því hótelið var rekið með tapi á árunum 2017 til 2019. Tapið var 34 milljónir árið 2017, 182 milljónir árið 2018 og 402 milljónir árið 2019. Eigið fé þess var þá neikvætt um 400 milljónir og skuldir Bændahallarinnar námu 3,9 milljörðum, þar af 3,6 milljörðum til lánastofnana, einkum til Arion banka, og hafa þær aukist enn frekar frá þeim tíma. – hvj / sjá Markaðinn

Ekkert verður af rannsókn

COVID-19 Ekkert verður af bólusetningarrannsókn Pfizer hér á landi. Hávær orðrómur og talsverðar væntingar voru til þess að lyfjafyrirtækið myndi bólusetja meirihluta landsmanna á næstunni.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að frábært hefði verið að þetta gengi eftir en það hafi ekki verið í hendi. Ástæðan er lág smittidæni á Íslandi.

„Nú er bara að halda dampi, ég held nú að Íslendingar séu svo raunsærir að þeir sitja þetta af sér og haldi áfram.“ – ab / sjá síðu 2

VERTU
ÚLFUR

Nýjar aukasýningar
komnar í sölu!

Þjóð
leik
húsið

leikhusid.is

Engar kröfur af hálfu Pfizer

COVID-19 Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að lyfjafyrirtækið Pfizer hafi ekki gert kröfur um opnun landamæra í tengslum við mögulega rannsókn.

„Við höfum alltaf nálgast þetta sem akademískt verkefni, leitt af vísindamönnum með það að sjónarmiði að vera framlag til rannsókna gegn veirunni,“ segir Katrín. Hún fundaði með Kára Stefánssyni, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, með fulltrúum Pfizer til að kynna þeim hugmyndina að rannsókninni. Samtölin í kjölfarið hafi verið leidd af vísindafólki.

Kári og Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sögðu í Kastljósi í gærkvöldi að ekki væri réttlætunlegt að leita til annarra lyfjafyrirtækja um rannsókn. Til að ná hjarðónæmi þurfi að bólusetja um 60 prósent þjóðarinnar.

Katrín segir að nú verði haldið áfram á sömu braut og áður. „Við megum ekki gleyma því að okkur hefur gengið ótrúlega vel í þessari baráttu og erum í dag á þeim stað að við erum með minnstu sóttvarnaráðstafanir af öllum Evrópuríkjum vegna þess að þetta hefur gengið vel,“ segir Katrín.

„Í bólusetningarmálum stöndum við ágætlega miðað við Evrópuríki þó að auðvitað skilji ég vel óþreyju fólks. Ég ætla að leyfa mér að vona að þetta gangi hraðar á öðrum eða þriðja ársfjórðungi, við höfum væntingar til þess að hlutirnir fari að ganga hraðar.“ – ab

Bifhjólin nýtt í góða veðrinu



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu nýtir góða færð á götum borgarinnar til að viðra lögreglubifhjólin. Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar, segir að hjólin hafi góð áhrif. „Fólk les betur út úr lögreglumanni á bifhjóli. Hann virkar nær þannig að fólk í umferðinni fer jafnvel að athuga með ljós og belti og stígur á bremsuna ef það sér bifhjólmann en fer jafnvel fram úr merktum lögreglubíl.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfir 700 börn á biðlista

REYKJAVÍK Alls voru 737 börn, 12 mánaða og eldri, á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík í byrjun janúar, þar af eru 200 börn 18 mánaða og eldri.

Þetta kemur fram í svari skóla- og frístundasviðs við fyrirsögn Mörtnu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Í svari sviðsins í nóvember voru 73 börn, 18 mánaða og eldri á biðlista og 510 börn 12 mánaða og eldri.

Þetta kemur fram í svari skóla- og frístundasviðs við fyrirsögn Mörtnu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Í svari sviðsins í nóvember voru 73 börn, 18 mánaða og eldri á biðlista og 510 börn 12 mánaða og eldri.

Í svari segir að biðlistinn sé lengstur á þessum árstíma þar sem farið sé í stóra innritun um miðjan mars. Í úttekt sviðsins sem gerð var 12. janúar kom í ljós að á biðlistanum var 61 barn sem orðið var 18 mánaða í september í fyrra. Um sé að ræða nýjar umsóknir og að foreldrar séu að biða eftir plássi á ákveðnum leikskóla.

Fram hefur komið að á dagskrá sé að reisa sex nýja leikskóla, fjölga plássum um 1.000 og stöðugildum um 300 á fimm árum. Þá verða þrír nýir leikskólar opnaðir á næstunni



Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

í Reykjavík, í Safamýri, á Kleppsvogi og við Kirkjusand. Stefnt verður að opnun í Safamýri í haust.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu á fundinum um að laus leikskólarymi og staða biðlista verði aðgengilegar á vefsíðu borgarinnar.

„Mér finnst ekki nóg að kjörnir fulltrúar fái upplýsingar um stöðu mála þrisvar á ári. Þær þurfa ætíð að vera aðgengilegar og það eru fyrst og fremst foreldrar sem eiga að geta fylgst með stöðu biðlista og hafa upplýsingar um laus pláss,“ segir Marta.

Til stendur að verja tíu milljörðum króna á næstu árum í að nútímavæða þjónustu. – ab

Ný atvinnutækifæri í rafíþróttum á Íslandi

Félagsmálaráðuneytið hefur veitt Rafíþróttasamtökum Íslands 10 milljónir króna til þróunar á þjálfaranámskeiði í rafíþróttum fyrir atvinnuleitendur. Formaður samtakanna segir stór skref fram undan í senunni hérlandis.

RAFÍÞRÓTTIR Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, hefur undirritað samning við Rafíþróttasamtök Íslands (RÍSí) um þróun og framkvæmd á þjálfaranámskeiði í rafíþróttum. Félagsmálaráðuneytið mun veita 10 milljónum króna til verkefnisins sem er ætlað að efla hæfni og færni einstaklinga sem eru atvinnulausir og skapa í framhaldinu varanleg störf fyrir þjálfara í rafíþróttum.

„Þetta er gríðarlega þýðingarmikið fyrir rafíþróttir á Íslandi,“ segir Ólafur Hrafn Steinarrson, formaður RÍSí, um verkefnið. „Þetta er fyrsti stóri styrkurinn sem við fáum til að taka starf okkar á næsta stig. Við erum líka að fá störukna getu til að þjónusta félög og einstaklinga sem hafa farið af stað með starf nú þegar.“

RÍSí mun standa fyrir þjálfaranámskeiði í rafíþróttum miðað að einstaklingum utan vinnu- og námskeiði loknu fá nemendur ráðningarsamband við samtökin til sex mánaða og verða sendir í verkefni hjá rafíþróttadeildum landsins sem eru nú um tuttugu talsins.

Ólafur telur að verkefnið geti skapað verðmæti í samfélaginu og virkjað fólk til starfs á nýjan hátt.

„Við sjáum þetta klárlega sem stökkpall yfir í eitthvað meira og viljum halda áfram að vinna með félagsmálaráðuneytinu að sama markmiði,“ segir hann. „Það er stór hópur fólks í samfélaginu sem hefur áhuga á rafíþróttum og við viljum gera okkar besta til að auka atvinnutækifæri þess hóps.“

Þar sem verkefnið er nýstárlegt segir Ólafur að fyrstu skrefin séu grunnuppbygging á þjálfara-



Í dag eru um tuttugu rafíþróttadeildir um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er stór hópur fólks í samfélaginu sem hefur áhuga á rafíþróttum og við viljum gera okkar besta til að auka atvinnutækifæri þess hóps.

Ólafur Hrafn Steinarrson, formaður RÍSí



menntun innan rafíþróttar. „Hugtakið rafíþróttir er ekki nema rúmlega tveggja ára gamalt svo við erum enn þá að þreifa fyrir okkur,“ segir hann.

Rafíþróttir hafa verið í miklum uppgangi hérlandis frá stofnun RÍSí árið 2019 en ólíkt hefðbundnum íþróttagreinum sem fóru margar í baklás í faraldrinum gat starfsemi rafíþróttafélaga haldið áfram með litlum breytingum.

„Mörg félög sem höfðu iðkendur í rafíþróttum fóru að bjóða upp á fjarfingar og æfingar í gegnum netið,“ segir Ólafur. „Það hefur bara verið meira að gera í faraldrinum ef eitthvað er. Það er nóg eftir af rafíþróttaréttum árið 2021 og við teljum að það séu stór skref fram undan.“ arnartomas@frettabladid.is

ÖSKUDAGSBÚNINGAR
Komnir í netverslun
partybudin.is

Faxafeni 11, 108 Reykjavík S: 5340534 partybudin.is



Áttu erfitt með að koma þér fyrir? Upphaf nýrra drauma!



STILLANLEGIR
DAGAR

20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá
Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-
gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því
hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

**Tilboðsverð frá
355.448 kr.**

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr



Færri börn smitast af RS-vírus í heimsfaraldrinum

COVID-19 Engin tilfelli influensu hafa greinst hér á landi síðustu tólf vikur og einungis 26 tilfelli RS-víruss. Til viðmiðunar greindust 222 tilfelli RS hér á landi árið 2018-2019 og 278 árið á undan.

Ragnar Grímur Bjarnason, yfir-læknir barnalækninga á Landspítalanum, segir að í eðlilegu árferði hefðu greinst mun fleiri tilfelli bæði influensu og RS-víruss. „RSV og influensa hurfu af bráðamóttöku

barna í fyrra þegar að COVID fór á flug,“ segir hann.

RS-vírus er kvefveira sem leggst á öndunarfæri og getur valdið öndunarerfiðleikum, sérstaklega hjá ungum börnum. Ragnar segir afar mikilvægt að fresta RS-smíti hjá börnum, sér í lagi fram yfir sex mánaða aldur, annars geti hætta á astma og ofnæmi aukist, „fyrir utan áhættu á verri sýkingu“.

Samkvæmt talnabrunni fyrir



Sóttvarnir Íslendinga hafa haldið aftur af öðrum skæðum veirum.

janúarmánuð þessa árs mátti sjá vísbendingar um að tíðni annarra smitsjúkdóma en COVID-19 væri lægri hér á landi árið 2020 en árin á undan, strax síðasta vor. Í apríl var tíðni öndunarfærasýkinga hjá börnum yngri en fimm ára aðeins 22 prósent af meðaltali síðustu ára.

Síðasta haust, þegar þriðja bylgja faraldursins gekk yfir, fækkaði öndunarfærasýkingum mikið bæði hjá börnum og fullorðnum og í lok

desember var tíðni slíkra sýkinga einungis 35 prósent af meðaltíðni árunna 2015-2019.

Notkun sýklalyfja dróst saman árið 2020 og var meðalfjöldi ávísana 500 á hverja þúsund íbúa miðað við að meðaltali 670 ávísanir á hverja þúsund íbúa á árunum 2015-2019. Ávísunum sýklalyfja fækkaði um 16 prósent milli árunna 2019 og 2020, mest var fækkunin hjá börnum fjögurra ára og yngri. – bdl

Sundabraut mikla þýðingu fyrir Akranes

VESTURLAND Bæjarstjórn Akraness hvetur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Reykjavíkurborg til að hefja nú þegar undirbúningsvinnu við lagningu Sundabrautar þannig að verkefninu verði lokið eigi síðar en árið 2030. Skýrsla um lagningu Sundabrautar var kynnt fyrir helgi.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, segir að Sundabraut muni miklu fyrir íbúa bæjarins.

„Þetta þýðir að það verða rétt rúmlega 20 mínútur frá Akranesi og inn í Reykjavík,“ segir hann. Leggur hann til að framkvæmdir hefjist norðanmegin sem fyrst. – ab

Setja milljónir í ný íslenskuver

REYKJAVÍK Bætt verður 143 milljónum króna á ári í íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku næstu árin. Þetta var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs í gær.



Alexandra Briem, borgarfulltrúi Pírata

Tvö ný íslenskuver verða opnuð sem tryggja öfluga kennslu nemandan sem hingað flytjast fyrstu mánuðina. Alexandra Briem, fulltrúi Pírata í ráðinu, segir þetta mikilvægt skref. „Við viljum efla íslenskunám og hjálpa þannig börnum að tengjast betur við samfélagið,“ segir Alexandra. „Það hefur borið á því að börn hafi upplifað sig eftir á í að tengjast við samfélagið og eigi þannig minni tækifæri samanborið við jafnaldra sína, meðal annars á framhaldsnámi.“ – ab

STJÓRNSÝSLA „Hún sagði eitt við einn og annað við næsta. Það stóðst ekkert,“ segir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar, um fullyrðingar í bréfi fjögurra bæjarstjóra um að María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga, hafi sagt ósatt í viðræðum um rekstur hjúkrunarheimila.

Matthildur sendi í desember bréf til Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra fyrir sína hönd og bæjarstjóra Akureyrar, Vestmannaeyja og Fjarðabyggðar. Samningar um rekstur hjúkrunarheimila á þessum stöðum eru að renna út. Í bréfinu lýsir Matthildur fundi sem fram fór 12. desember síðastliðinn og fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra áttu með starfsfólki frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

„Þar var lýst nokkurri furðu á því hvernig samningafundurinn við Sjúkratryggingar Íslands hefðu farið fram, oft og tíðum væru þeir afar óformlegir og ómarkvissir,“ segir í bréfi Matthildar um fundinn. „Því til viðbótar er ljóst að það er algjör trúnaðarrestur kominn upp af hálfu sveitarfélaganna gagnvart forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, sem meðal annars hefur verið uppvís að ósannsögli í viðræðum aðila,“ bætir hún við.

„Þessar ávirðingar eru að sjálfsögðu ekki svaraverðar og afstaða okkar hjá SÍ er að svona málflutningur dæmi sig sjálfur,“ segir María Heimisdóttir hjá Sjúkratryggingum. Þar kannist enginn við þær lýsingar sem fram koma í bréfi bæjarstjóranna. „Við höfum hvorki fengið beinar né óbeinar



Viðræður SÍ og Hornafjarðar um áframhaldandi rekstur hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs báru ekki árangur.

Þessar ávirðingar eru að sjálfsögðu ekki svaraverðar.

María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga



ábendingar um þetta sem þau eru að halda fram,“ undirstrikar María.

„Það kom fram í þessu ferli að hún sagði stöðu mála vera aðra heldur en raunin var,“ segir Matthildur, aðspurð um í hverju ósannsögli forstjóra Sjúkratrygginga eigi

að hafa falist. „Það var fullyrt til dæmis að Akureyri væri að skrifa undir samning – sem var ekki rétt. Það voru misvisandi upplýsingar, stundum nánast milli daga.“

Matthildur segir að forstjóri SÍ hafi þannig beitt einhvers konar þvingunarleið til að knýja fram niðurstöðu. Bæjarstjórnir hafi hins vegar verið í samskiptum sín á milli og áttað sig á að ekki hafi verið allt með felldu. „Það var verið að kasta hlutum fram og til baka í umræðunni og einhvern veginn að villa okkur veg,“ segir hún.

Bæjarstjórnir fengu að sögn Matthildar fund með Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. „Það kom bara ekkert út úr honum. Út af

Það voru misvisandi upplýsingar, stundum nánast milli daga.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri Hornafjarðar



þessum trúnaðarrestri óskuðum við í raun eftir nýjum samningsaðila en svörin voru þau að Sjúkratryggingar séu samningsaðilinn um kaup á heilbrigðisþjónustu og að svo verði áfram.“ gar@frettabladid.is



Nánar á dale.is

Ertu klár fyrir nýja normið?

Ávinningur námskeiðsins:

- Stækka þægindahringinn og auka sjálfstraust
- Rækta varanleg sambönd
- Muna nöfn og nota þau
- Veita öðrum innblástur

- Kynna hugmyndir á skýran og hnitamiðaðan hátt
- Takast á við ágreining á háttvísan máta
- Nota sannfæringarkraft og selja hugmyndir
- Stjórna streitu, kvíða og viðhorfi
- Sýna leiðtogafærni

Árið 2021 mun færa okkur nýtt norm. Við þurfum sveigjanleika, frumkvæði og jákvætt viðhorf til að mæta nýjum áskorunum. Dale Carnegie hjálpar þér leysa úr læðingi orkuna sem býr í þér. Sjáðu næstu námskeið á dale.is – Staðbundin eða live online

„Ég er öruggari í tjáningu og finn fyrir meira sjálfstrausti og er tilbúna að takast við frekari áskoranir. Viðhorf mitt er jákvæðara og ég er spenntari fyrir framtíðinni. Þjálfarnir voru frábærir. Mæli hiklaust með þessu.“
- 43 ára gamall þátttakandi á live online námskeiði

Dale Carnegie



VIÐSPYRNA TIL FRAMTÍÐAR

Græna planið og kraftmikil fjárfesting Reykjavíkur og fyrirtækja borgarinnar

Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar er að skapa borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugum atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Kynnt verða lykilverkefni í fjárfestingum Reykjavíkurborgar og fyrirtækja til skemmri og lengri tíma.

Kynningarfundur í beinni útsendingu föstudaginn 12. febrúar 2021, kl. 9.00 – 10.30.

Slóðin er: reykjavik.is/vidspyrna

Dagskrá

- Dagur B. Eggertsson: **Fjárfestingaráætlun Reykjavíkur**
- Berglind Rán Ólafsdóttir: **Fjárfestingar Orku náttúrunnar**
- Katrín Karlsdóttir: **Fjárfestingar Veitna**
- Sigrún Árnadóttir: **Fjárfestingar Félagsbústaða**
- Davíð Þorláksson: **Fjárfestingar Betri samgangna á næstu árum**
- Magnús Þór Ásmundsson: **Fjárfestingar Faxaflóahafna**
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir: **Atvinnustefna Reykjavíkur**

Fundarstjóri er Björg Magnúsdóttir



Útsending á vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is/vidspyrna



ESB fundar um refsingar í garð Rússlands

RÚSSLAND „Þeir eru miskunnarlausir,“ sagði yfirmaður utanríkisstefnu Evrópusambandsins, Josep Borrell, á Evrópuþinginu í gær þegar hann ræddi heimsókn sína til Rússlands í síðustu viku til að ræða stöðu rússneska stjórnarandstæðingsins Alexeys Navalný. Í kjölfar ákvörðunar rússneskra stjórnvalda að hneppa Navalný í fangelsi hefur pólitískt samband Rússa við önnur Evrópuríki stíðnað á hratt.

Stjórnarfyrrkomulagið í Rússlandi og tengsl þess við efnahagslífið, herinn og þingið kemur í veg fyrir að lýðræðis sé gætt.

Josep Borrell, yfirmaður utanríkisstefnu ESB



„Stjórnarfyrrkomulagið í Rússlandi og tengsl þess við efnahagslífið, herinn og þingið kemur í veg fyrir að lýðræðis sé gætt,“ sagði Borrell enn fremur og bætti við að Evrópusambandið gæti gripið til refsiaðgerða í garð Rússlands. Fundað verður um viðurlög gegn Rússum þann 22. febrúar næstkomandi.

Þjóðarleiðtogar vestrænna ríkja hafa kallað eftir því að Navalný fái að ganga frjáls en fyrir helgi var þremur stjórnarierindrekum frá evrópskum ríkjum vikið frá Rússlandi eftir að hafa verið sakaðir um að taka þátt í mótmælum til stuðnings Navalný. Stjórnvöld í Póllandi, Svíþjóð og Þýskalandi brugðust við með því að senda rússneska erindreka úr landi. – kpt



Bátur Amazing Westfjord var í höfn í rúma tíu mánuði á síðasta ári.

Hafna beiðni um afslátt af hafnargjöldum

ÍSAFJÖRÐUR Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í gær að hafna beiðni Amazing Westfjords um lækkan á hafnargjöldum vegna verkefnaskorts fyrirtækisins í miðjum heimsfaraldri. Í minnisblaðinu kom fram að ákveðið hefði verið að vísa á sértæk úrræði ríkisstjórnar fyrir ferðabjónustu-fyrirtæki vegna faraldursins. Eftir því sem fyrirtækið greindi frá í beiðni til Ísafjarðarbæjar gerðu áætlanir fyrirtækisins ráð fyrir um 2.400 farþegum á síðasta ári eftir að hafa tekið á móti 1.500 farþegum árið áður. Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn og nýttu aðeins 350 farþegar sér þjónustu Amazing Westfjords á síðasta ári. Í svari hafnarstjórnar kemur fram að hún hafi ekki heimild til að veita einum útgerðarflokki afslátt af gjaldskrá umfram annan. Fyrir vikið þyrfti því að veita öllum útgerðarflokkum afslátt til að gæta jafnréttis og um leið myndi sjóðsstreymi hafnarsjóðs snarlækka. Á þeim grundvelli var ákveðið að hafna beiðninni. – kpt

Hálfur milljarður sparaðist við sameiningu stofnana

Tuttugu prósentu hagræðing varð af sameiningu Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs á síðasta ári. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, segir þetta leiðarljós fyrir fleiri sameiningar innan kerfisins og þegar sé undirbúningur hafinn að því að bæta við verkefnum á hina nýju stofnun.

STJÓRNSÝSLA Meira en hálfur milljarður króna sparaðist í ríkisrekstrinum við sameiningu Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs í nýja stofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. 350 milljónir spóruðust í rekstrarkostnaði og 200 milljónir í nýjum verkefnum án þess að fjármagn hafi fylgt í fjárlögum. Alls er þetta 20 prósentu hagræðing frá fyrra fyrrkomulagi.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, telur sameininguna leiðarljós fyrir frekari sameiningar og hagræðingar í ríkisrekstrinum. „Það er gríðarlega mikilvægt að við aukum skilvirkni og hagræðum í allri opinberri þjónustu,“ segir hann. „Við óskudum eftir að fá mannvirkjamálin til okkar með samlegðaráhrif í huga. Ég er á því að við eigum að stiga markvissari skrefi þessa átt.“

Ásmundur fór fyrir hagræðingaráhópi þeirrar ríkisstjórnar sem sat árin 2013 og 2016 og kom með meira en hundrað tillögur. Meðal annars sameiningu Þjóðminjasafns, Náttúruminjasafns og tveggja listasafna sem og sameiningu Þjóðleikhússins, Sinfóníunnar, Óperunnar og Íslenska dansflokksins og sameiningu Neytendastofu, Samkeppnis-eftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ekki hafa margar sameiningar orðið að veruleika en Ásmundur er mjög ánægður með hvernig tekist hefur til með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, sem tók til starfa 1. janúar árið 2020.

Samanlagður rekstrarkostnaður Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs var 2.833 milljónir króna árið 2019 og fór í 2.485 árið 2020 á föstu verðlagi. Áætlaður rekstrarkostnaður árið 2021 er 2.479 milljónir.

Þá fjölgaði ársverkum um 12 prósent og ýmis mál bættust við svo sem umsýsla með nýjum hlutdeildarlánnum, samstarfsverkefni í loftslagsmálum og nýtt brunavarnasvið á Saudárkróki.

„Við viljum geta haft opinbert fé til þess að þjónusta viðkvæma



Sameinaða stofnunin tók til starfa í janúar árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hópa í samfélaginu. Grunnurinn undir því er að allt sem við erum að gera sé skilvirkt, að við séum ekki að fara illa með opinbert fé,“ segir Ásmundur. Einnig að hagræðingin sem náðst hefur fram sé meiri en hann átti von á.

Hann segir sameiningu af þessum toga ekki mjög einfalt mál og alltaf komi upp áskoranir. Fara þurfi yfir hvern sé verið að þjónusta, hvernig þjónustan eigi að vera og skapa þá umgjörð að starfsfólkið sé spennt fyrir verkefninu. „Ég tel að þetta

Það er gríðarlega mikilvægt að við aukum skilvirkni og hagræðum í allri opinberri þjónustu.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra



hafi í alla staði tekist vel en breytingar eru alltaf áskorun og þú getur ekki séð öll vandamál fyrir áður en þú ferð af stað,“ segir hann.

Frekari tilfærsla verkefna er einnig til skoðunar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, svo sem ýmis verkefni er hafa áður heyrt undir Nýsköpunarmiðstöð sem verður lögð niður.

Í byrjun árs greindi Fréttablaðið frá því að stofnunin leggi til að almennar húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaganna yrði sameinað í eitt stuðningskerfi fyrir leigjendur á vegum hins opinbera. Til dæmis hjá stofnuninni sjálfri sem hefur sinnt þessu hlutverki sem tilrauna-verkefni í tveimur sveitarfélögum.

Ásmundur er jákvæður í garð þessarar hugmyndar en ítrekar mikilvægi þess að sveitarfélögin hafi aðkomu. Hefur eitt stjórnarsætið í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verið eyrnamerkt fulltrúa frá sveitarstjórnarstiginu. „Húsnæðis- og mannvirkjamálin byggja að mjög stórum hluta á samstarfi ríkisins og sveitarfélaga. Okkur hefur tekist að tengja stofnunina vel við sveitarfélögin og þannig getur hún orðið það stjórnþæki sem við viljum að hún sé,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Réttað yfir Trump fyrir embættisbrot í annað sinn

BANDARÍKIN Öldungadeild Bandaríkjaþings tók í gær fyrir mál Donalds Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, en Trump er ákærður til embættismissis fyrir að hvetja til uppreisnar í tengslum við óeirðirnar við bandaríska þinghúsið þann 6. janúar síðastliðinn.

Þeir sem fara fyrir málinu gegn Trump innan deildarinnar munu næstu daga reyna að halda því fram að Trump hafi einn borið ábyrgð á óeirðunum, en daginn sem þingið kom saman til að staðfesta úrslit forsetakosninganna hvatti Trump stuðningsmenn sína til að arka að þinghúsinu til að mótmæla.

Lögmennateymi Trumps mun aftur á móti halda því fram að Trump hafi ekki skipað neinum að gera neitt og að það sé ekki í samræmi við stjórnarskrána að ákæra fyrrverandi forseta.

Erfitt hefur reynst fyrir Trump að ná samkomulagi við lögmenn sína um hver vörn hans skyldi vera en Trump vildi að þau kæmu inn á meint svindl í kringum kosningararnar í nóvember.

Báðar hliðar hafa um það bil sextán klukkustundir til málflutnings

» Trump er fjórði forsetinn í sögu Bandaríkjanna sem er kærður fyrir embættisbrot en sá fyrsti sem er kærður tvisvar.

og er gert ráð fyrir að málið verði afgreitt mjög fljótlega. Mögulegt er að þingmennirnir greiði atkvæði um hvort sakfella eigi Trump í næstu viku. Til þess að Trump verði sakfelldur þurfa tveir þriðju þingmanna að samþykkja ákærurnar.

Trump er fyrsti forseti sögunnar til að vera ákærður tvisvar en í febrúar 2020 var hann sýknaður af öldungadeildinni fyrir að setja skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð til Úkraínu árið 2019. Þá er þetta í fyrsta skipti sem réttad er yfir almennum borgara en Trump lét af embætti þann 20. janúar síðastliðinn. – fbl



Þjóðvarðarlið Bandaríkjanna stóð vörð áður en réttarhöldin hófust í Washington í gær eftir óeirðirnar fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Setjum í skipulagsgírinn!

KUNGSFORS
krókar
250,-/5 í pk.

KUNGSFORS samsetning
B184 x D32, H160cm

62.300,-

KUNGSFORS ílát

1.350,-/stk.

IKEA 365+
krukkur með loki 1,7l

995,-/stk.

IKEA 365+ krukkur
með loki 3,3l
1.295,-/stk.

Í KUNGSFORS línunni eru opnar hirslur til að geyma eldhúsáhöld, krydd og uppskriftir við höndina. Gott skipulag á áhöldunum þýðir meira vinnupláss og betra flæði þegar þú matreiðir. Settu saman þína KUNGSFORS hirslu, möguleikarnir eru endalausir!



SKOÐUN

Lærum að bora



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Sem fyrr vaxa börn úr grasi án þess að kunna að nota borvél. Börnin okkar og unglingarnir munu stofna sitt fyrsta heimili án þess að kunna að beita hamri eða borvél, spæla egg og sjóða pasta, skipta um kló eða tengja loftljós án þess að fá raflost. Foreldrar þeirra og jafnvel ömmur og afar eru sífellt verr til þess fallin að veita aðstoð við þessi verk.

Kynslóð fram af kynslóð hafa íslensk grunnskólabörn varið smíðatímum í að saga út skrautmuni með laufsög og brenna fangamark sitt á ýmsa misnýtilega gripi. Saumatímar og jafnvel heimilisfræðitímar hafa farið í svipaða tímaeyðslu. Þúðasaum, dúkabrot og prjónaleppa sem enginn skilur eða hefur not fyrir.

Á sama tíma er börnum þrælað út í sundkennslu á hverjum vetri í tíu ár; kennslustundum sem valda fjölda barna hugarangri og vanlíðan sem vel væri hægt að komast hjá.

Fáir hafa skilið hvers vegna tíma grunnskólabarna er varið með þessum hætti. Enginn hefur leitast við að rökstyðja þetta sérstaklega þótt getgátur séu uppi um áhrif Lionshreyfingarinnar, sem enn í dag fyllir smíðastofur landsins af rausnarlegum hefilbekkjagjöfum. Langoftast eru þeir síðasti hefilbekkur sem börnin sjá á lífsleiðinni.

Það er rannsóknarefni hvers vegna efasemdir um þennan þátt menntakerfisins hafa ekki verið háværari því ljóst er að eftirspurn eftir gagnrýnni skortir ekki. Það fann ung kona sem spurði á Twitter fyrir nokkrum árum af hverju í ósköpunum henni hefði ekki verið kennt að bora í smíði. „Eina sem við gerðum var að saga. Enginn þarf að saga. Allir þurfa að bora,“ sagði konan og uppskar fögnuð úr öllum áttum.

Ekki gat forritið skýrt málið fyrir henni en tistið vakti spurningar fjölmargra um þá gagnslausu kennslu í heimilisfræði, saumum og öðrum verkgreinum sem íslensk börn hafa mátt þola áratugum saman. Þegar grunnskólanemendur komast á full-orðinsár, velta þeir fyrir sér af hverju þeir lærðu ekki alla praktisku hlutina í stað þess að hnoða smjördeig og sýsla við hefilbekki sem ekkert heimili í landinu er svo heppið að státa af.

Nú hillir vonandi undir tímamót í málinu. Börnin hafa sjálf gert það sem við hefðum auðvitað átt að gera sjálf í okkar bernsku. Þau hafa sett hnefann í borðið og krefjast breytinga.

Þau hafa stofnað samtök um betra og nútímalegra menntakerfi. Þau kvarta undan því að kerfið uppfylli ekki þarfir þeirra til að verða undirbúin fyrir lífið og framtíðina. Þau hafa komið þessu á framfæri við ráðherra og lagt fram frábæra umsógn til Alþingis um menntastefnu sem þar er til meðferðar.

Það verður spennandi að fylgjast með þeim mótökum sem kröfur unga fólksins fá, ekki aðeins hjá stjórnmalamönnum sem komast ekki hjá því að ræða málið þegar menntastefnan verður tekin á dagskrá, heldur einnig og ekki síður öðrum sem hagsmuna eiga að gæta. Vonandi er að finna vísi að byltingu í samtökum krakkanna í Viðistaðaskóla.



Börnin hafa sjálf gert það sem við hefðum auðvitað átt að gera sjálf í okkar bernsku. Þau hafa sett hnefann í borðið og krefjast breytinga.

Halldór



Frá degi til dags

Leyndarstjórnun

Fólk var víða á nálum í gær vegna hjarðónæmistilraunar Pfizer byggðri á annalaðri höfðatölu Íslendinga. Katrín Jakobsdóttir talaði um verst geymda leyndarmál Íslandssögunnar sem ef til vill var ofmælt þar sem í raun vissi enn enginn neitt þannig að leyndin hélt, hjúpuðu kjaftasögum, bulli og ævintýralegum samsærísórum. Sá vaðall æsti þó upp sprautu-spennninginn í samfélaginu og Björn Ingi á Viljanum varaði á Facebook við því að stjórnvöld væru „komin í dálaglega klipu“ með væntingastjórnunina enda biði samfélagið allt, viðskiptalífið og hlutabréfamarkaður eftir tíðindum.

Væntingasteypa

Árni Páll Árnason, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, gerði athugasemd við væntingastjórnleysisgreiningu Björns Inga og hvort það væru ekki frekar Kastljóssfélagarnir Kári og Þórólfur sem hefðu hrært þá steypu. Þá minnti hann á siðferðislegar spurningar fimm prófessora í Fréttablaðinu sem bergmáluðu einnig hjá Birni Inga sjálfum, sem þrátt fyrir að hafa hvergi farið leynt með vonir um að af tilrauninni verði, áréttaði mikilvægi réttu spurninganna og að Persónuvernd og Vísindasiðanefnd þurfi ef af verður að geta staðist ævintýralegan þrýsting. toti@frettabladid.is

Látum F-gösin fjúka fyrir loftslagið



Guðmundur
Ingi
Guðbrandsson
umhverfis- og
auðlindaráð-
herra

Gripið var til aðgerða um síðustu áramót sem draga munu hraðar úr losun gróðurhúsalofttegunda en áður var stefnt að. Gerðar voru breytingar á reglugerð sem verða til þess að innflutningur á svokölluðum flúoruðum gróðurhúsalofttegundum mun minnka mun hraðar en áður hafði verið ákveðið, en þær valda um 5% af losun á beinni ábyrgð Íslands.

Hvað í ósköpunum eru eiginlega flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, oft nefndar F-gös? Þetta eru öflugar, manngerðar gróðurhúsalofttegundir sem eru til dæmis notaðar sem kælimiðlar í fiskiskípum, frystiðnaði og stórverslunum en finnast líka til að mynda í loftræstikerfum og varmadælum. Sum F-gös geta haft allt að 23.000 sinnum meiri áhrif til hlýnunar en CO₂. Þess vegna er brýnt að hraða útskiptingu þeirra sem allra mest.

Breytingin á reglugerðinni nú um áramótin hefur þá þýðingu að hámarks magn F-gasa sem heimilt er að flytja inn á þessu ári er ekki nema tæp 40% af því magni sem flytja mátti inn í fyrra. Og eftir 15 ár verður leyfilegt magn komið niður í 12% af heimiludum innflutningi síðasta árs. Þetta mun draga úr heildarútbæstri á Íslandi á næstu árum og skiptir máli til að standast alþjóðlegar skuldbindingar okkar í Parísarsamningnum. Þessi aðgerð gengur lengra en gert var ráð fyrir í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá júní 2020.

Svo breytingar megi verða í málum sem þessum þurfa stjórnvöld að setja skýrar reglur og kröfur á fyrirtæki. Það hefur nú verið gert fyrir F-gös. En gott samstarf og vilji fyrirtækja og einstaklinga til að taka þátt í umbreytingunni skiptir miklu. Í þessu tilfelli ber að hrósa innflytjendum F-gasa sem hafa tekið vel á móti þessum breytingum og sýnt frumkvæði í að stemma enn frekar stigu við losun.

Þessu til viðbótar hófst skattlagning á F-gös í byrjun síðasta árs, sem hjálpar líka til við útfösun þeirra. Verð á efnunum hefur því hækkað svo nú er orðið hlutfallslega hagstæðara að velja umhverfisvænni kosti. Þeir eru þegar fyrir hendi. Höldum áfram á þessari braut.



Svo breytingar megi verða í málum sem þessum þurfa stjórnvöld að setja skýrar reglur og kröfur á fyrirtæki.

RÝMI
OFNASMIDJAN



METALSISTEM®

Gott verð og góð þjónusta

Nú fæst METALSISTEM®
hillukerfið í Rými



Rými Ofnasmiðjan | Gylfaflöt 4 | 112 Reykjavík | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

Fullyrðingar ekki sama og staðreyndir



Ragnhildur Sverrisdóttir
upplýsinga-
fulltrúi Lands-
virkjunar



Kjösi formaður bæjarráðs að halda þessum fullyrðingum áfram á lofti verður hann að tilgreina heimildarmenn sína.

Þegar fullyrðingar eru hraktar með rökum er ekki vænlegt til árangurs að halda þeim til streitu. Nær væri að leggja fram eigin rök og sterkari, sé þau að finna.

Það gerir Ágúst Bjarni Garðars-son, formaður bæjarráðs Hafnar-fjarðar, ekki í grein sinni í Frétta-bladini 5. febrúar. Hann svarar upplýsingum mínum, um að mjög algengt sé að tengja raforkuverð í orkusölusamningum við neyslu-verðsvisitölu í Bandaríkjunum, með því að virta gagnaveitan sem ég vísaði í máli mínu til sönnunar sé ekki opinber. Sjálfur vísar hann ekki til neinna heimilda, hvorki opinberra né annarra. Fyrst svo er ekki, hvaðan hefur Ágúst Bjarni þá fullyrðingar sínar?

Fraunhofer skýrslan var afdrátt- arlaus um samkeppnishæfni stór- iðjunnar á Íslandi. Fraunhofer greindi öll atriði orkusölusamn- inganna, ekki eingöngu orkuverðið sjálft. Vissulega reyndist verðið breytilegt á milli viðskiptavina, rétt eins og í viðmiðunarlöndun- um. En niðurstaðan um samkeppn- ishæfni var ótvíræð. Hvaðan hefur Ágúst Bjarni meinta vitneskju um hvaða raforkuverð er í boði nú til stórnotenda hér á landi?

Ekki óselt rafmagn

Í fyrri grein sinni kastar Ágúst Bjarni einnig fram fullyrðingum

um óselda orku. Þegar ég bendi á að þessi orka sé samningsbundin og liggi ekki á lausu vísar Ágúst Bjarni í ummæli forstjóra Orku- veitu Reykjavíkur. Forstjórinn talaði vissulega opinberlega um það í september sl. að 7,5-8% af öllu rafmagni sem hægt væri að vinna í landinu árlega væri óselt. Hann dró hins vegar mjög í land, til dæmis í viðtali við Morgunblaðið 14. októ- ber sl. og kallaði þetta rafmagn „atvinnulaust“: „Ekki vegna þess að það er óselt, því það er að hluta til búið að lofa því og við það verður að standa.“ Landsvirkjun mun auð- vitað standa við slík loforð, meðal annars gagnvart viðskiptavinum sínum í Straumsvík. Ekki vill Ágúst Bjarni að Landsvirkjun selji öðrum þá orku, svo hún verði ekki tiltæk þegar þörf er á?

Allt sem úrskeiðis fer

Ágúst Bjarni lýkur grein sinni á fjölbreyttri upptalningu, þar sem hann virðist telja Landsvirkjun bera ábyrgð á flestu því sem miður hefur farið í rekstri ýmissa við- skiptavina okkar á undanförunum



fordæmalausum misserum. Þá setur hann fjárhagstjón íslenskra lífeyrissjóða og banka, til dæmis vegna United Silicon, í beint sam- hengi við að verksmiðjan hafi verið með raforkusamning við Lands- virkjun! Það þarf ekki elstu menn til að muna að erfiðleikar United Silicon voru af öðrum toga. Hvar hafa forsvarsmenn United Silicon eða PCC Bakka látið í það skína að rekstrarvandi fyrirtækjanna hafi tengst raforkusamningi þeirra við Landsvirkjun? Á hverju byggir Ágúst Bjarni fullyrðingar sínar?

Ágúst Bjarni spyrðir ótal óskyld mál saman en hvergi nefnir hann

erfiðleika á mörkuðum, sem fyrir- tæki um allan heim glíma við núna. Kvörtun til Samkeppniseftirlits er orðin að kæru. Og jafn áhugasam- ur og hann er um að vernda störf reynir hann að gera fjölda starfs- manna Landsvirkjunar og Lands- nets tortryggilegan. Við svörum ekki fyrir Landsnet, en frá því ári sem Ágúst Bjarni tiltekur, 2009, hafa til dæmis þrjár nýjar virkjanir verið teknar í rekstur og fjölgað í hópi viðskiptavina okkar. Það er því ekki að undra þótt fjölgað hafi í starfsliðinu. Á sama tíma hefur afkoma og arðsemi farið batnandi, orkusala aukist og skuldir verið

greiddar niður. Er ástæða til að vera ósáttur við slíkan rekstur?

Heimildir skortir

Ágúst Bjarni skrifar: „Allar þær upplýsingar sem fram komu í fyrri grein minni eru opinberar og öllum aðgengilegar.“ Það er rangt. Fullyrð- ingar á borð við þær sem hann setur fram og dylgjur um tengingar á milli þeirra hafa vissulega verið á sveimi í akveðnum hópum. Það gerir þær hins vegar ekki að áreiðanlegum upplýsingum. Kjósi formaður bæjarráðs að halda þessum full- yrðingum áfram á lofti verður hann að tilgreina heimildarmenn sína.



Vörur sem virka gegn þurrki



Inniheldur hafþyrnisolíu SBA24® - Omega 7

Membrasin Woman Vitality

Krem sem virkar gegn þurrki í leggöngum og á ytri kynfærum.

Bætiefni sem nærir og vinnur gegn þurrki í allri slímhúð og húð.



Inniheldur hafþyrnisolíu SBA24® - Omega 7, FLORAGLO® lutein og zeaxanthin

Membrasin Vision Vitality

Augnúði gegn þurrki og þreytu í augum – úðast á augnlok, má nota með farða og augnlinsum.

Bætiefni gegn þurrki í augum og verndar einnig gegn skaðlegum áhrifum skjánotkunar.

Nánar upplýsingar um vörurnar og sölustaði á www.numereitt.is/membrasin

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1931 Nýja-Delí verður höfuðborg Indlands.

1943 Orlofslög eru samþykkt á Alþingi sem tryggja einn frídag fyrir hvern unninn mánuð.

1944 Þrjár þýskar flugvélar gera árás á 10 þúsund lesta olíuskipið El Grillo á Seyðisfirði og sökkva því með sprengjum.

1975 Evrópuráðið gefur út jafnlaunatilskipun.

2005 Karl Bretaprins tilkynnir trúlofun sína og **Camillu Parker Bowles**.

2006 Vetrarólympíuleikar 2006 hefjast í Tórinó á Ítalíu.



Kárason kvintett á Múlanum

Trompetleikarinn Ari Bragi Kárason kemur fram í kvöld á tónleikum jazzklúbbsins Múla með þéttskipaðan hóp sem leikur jafnt í sókn og vörn. Þetta er heill kvintett því auk Ara Braga koma fram Ingimar Andersen saxófónleikari, Eyþór Gunnarsson sem leikur á píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og trommuleikarinn Einar Scheving.



Leikin verða lög eftir Ara Braga og lofað er kraftmikilli og fjölbreyttri dagskrá. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Á dagskrá hljómsveitarinnar eru lög úr ýmsum áttum jazzheimsins, auk þess sem leikin verða lög eftir Ara Braga og lofað er kraftmikilli og fjölbreyttri dagskrá.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og eru í Flóa, á jarðhæð Hörpu. Almennt miðaverð er 3.000 kr. en 1.500 kr. fyrir nemendur og eldri borgara. – **gun**



Alexandra segir keppnisskap í Einari. Því hafi hún kynnst þegar hún keyrði hann á íþróttamót hér og þar. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Íslenskur matur á borðum

Alexandra Einarsdóttir er móðir Einars Hansberg Árnasonar, nýs heimsmethafa í réttstöðulyftu á sólarhring. Hann tileinkar heimsmetið baráttunni fyrir velferð barna.

Einar Hansberg Árnason lyfti 528 tonnum á einum sólarhring í réttstöðulyftu um síðustu helgi og fór þar sjö tonnum fram úr fyrri heimsmethafa. Fyrsta spurning til móður þessa afreksmanns, Alexöndru Einarsdóttur, er: Hvað gafstu þessum dreng að borða? „Bara venjulegan íslenskan mat, hafragraut, lýsi og fisk, líka slátur og aðrar landbúnaðarafurðir, eins og tiðkaðist á þeim tíma. Einar er fæddur 1982 og alinn upp á Hvammstanga til fjórtán ára aldurs. Að honum stendur á báða bóga viljasterkt og duglegt fólk. Hann býr að því að hafa alist upp í náttúrunni, alltaf úti að leika og oft úti í sveit hjá föðurbróður sínum á Svalbarði á Vatnsnesi, sem var mjög sterkur og gafst ekki auðveldlega upp.“

Alexandra segir Einar hafa tekið þátt í öllum íþróttum og keppnum sem hann gat í uppvextinum. „Hann er ekki sá sem lyftir svakalegri þyngd en hefur þetta ótrúlega úthald. Hausinn skiptir máli þegar kemur að svona afrekum og Einar er sérstakur persónuleiki, fæddist gamall og hefur ríka réttlætiskennd og viljastyrk.“

Vanur ýmsum aflraunum

Þetta er ekki fyrsta þrekaun Einars þó hinar fari ekki í heimsmetabækur. Móðir hans segir frá: „Hann rerir 500 kílómetra á 55 klukkustundum, hann gekk 100 kílómetra án hvíldar með 35 kílóa sleða í eftirdragi og gerði alls konar



Einar Hansberg að róa til styrktar ekkju og börnum hennar árið 2012. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

æfingar á leiðinni, armbeygjur, gekk á höndum og fleira. Það var til styrktar Krabbameinsfélaginu á Hvammstanga, í minningu föðurbróður hans á Svalbarði sem hann leit mikið upp til. Síðan synti hann í 48 tíma til að vekja athygli á einelti gegn börnum, frænka hans hafði orðið fyrir því og hún varð að yfirgefa skólann sinn. Hann hefur ástríðu fyrir velferð barna og finnst óréttlátt að kæfa raddir þeirra með ýmsum reglum. Sjálfur á Einar þrjú börn og svona er hann þenkjandi. Ég horfi stundum á hann og

hugsa: Hvaðan skaut þér upp kollinum, vinur?“

Stolt af stráknum

Ekki segir Alexandra mega gleymast að Einar lyfti og æfi, en aðrir, svo sem systkini hans og eiginkona, standi með honum alla leið – að ógleymdum bæði eigin börnum og systkinabörnum. „Þetta er ekki sjálfgefið,“ segir hún. „Ég er óendanlega stolt af honum Einari og líka þeim sem aðstoða hann í gegnum þetta.“ **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 10. FEBRÚAR 2020

Hildur Guðnadóttir tónskáld hlaut Óskarinn

Tónskáldið Hildur Guðnadóttir hlaut Óskarsverðlaun fyrir nákvæmlega ári síðan, fyrst Íslendinga. Þau voru afhent í Hollywood og hún fékk þau fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker.

Hildur var fyrsta konan í tuttugu ár til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir frum-samda kvikmyndatónlist en einungis fjórar konur hafa unnið Óskarsverðlaun í þeim flokki frá því að verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn árið 1929.

Hildur var hræð er hún steig í pontu. Í ræðu sinni hvatti hún stelpur og konur til þess að láta í sér heyra og hún sendi fjölskyldu sinni og samstarfsfólki fallegar kveðjur og þakkir.

Áður hafði Hildur hlotið Emmy verðlaun, Grammy verðlaun, Golden Globe og BAFTA verðlaunin fyrir tónlistina í Joker og sömuleiðis fyrir tónlistina sem hún samdi fyrir Chernobyl þættina.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát móður okkar,

Jónínu Margrétar Baldvinsdóttur

kennara,
Borgarholtsbraut í Kópavogi,

sem lést þann 24. janúar á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á UNICEF.

**Unnur Mjöll Vestergård
Snorri Freyr Dónaldsson
og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jóhanna Dahlmann

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Laugarás, föstudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju við Hagatorg, föstudaginn 12. febrúar, klukkan 15. Ekki verður streymt frá athöfninni en allir ættingjar og vinir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Sigurður Bragi Guðmunds.
Gunnar Karl Guðmundsson
Heimir Guðmundsson
Hanna Guðlaug Guðmundsd.
Bryndis Guðmundsdóttir**

**Irina Kíry
Hrefna Lovísa Hrafnkelsdóttir
Margrét Helgadóttir
Bertrand Lauth
Ívar Kristjánsson
barnabörn, barnabarnabörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



MIÐVIKUDAGUR 10. FEBRÚAR 2021

Heilsa



Kristín Steindórsdóttir næringarperapisti og jógakennari leggur mikla áherslu á inntöku D-vítamíns eftir að hafa sjálf upplifað það að fá alvarlegan D-vítamínskort. Eftir þessa reynslu segir Kristín D-vítamín vera allra mikilvægasta bætiefnið og tekur hún það daglega ásamt fjölskyldu sinni. MYND/ADSEND

D-vítamín ætti ávallt að vera í fyrsta sæti

Kristín Steindórsdóttir, næringarperapisti og jógakennari, varð áhyggjufull þegar hún byrjaði að upplifa þróttleysi og verki í beinum. Í ljós kom að D-vítamínigildin í blóði hennar voru langt fyrir neðan eðlileg mörk. ➔2

Fáðu Fréttablaðið sent rafrænt í morgunsárið



Þú getur skráð þig á frettabladid.is, á Facebook eða bara skannað QR kóðann

FRÉTTABLAÐIÐ

Framhald af forsiðu ➔

Ég hef sjálf upplifað afleiðingar þess að skorta þetta mikilvæga vítamín sem D-vítamín er og geri mér því grein fyrir mikilvægi þess að taka það inn í nægu magni. Ég bjó í Kaupmannahöfn á þeim tíma og þar sem sólin skín töluvert meira þar en á Íslandi þá lagði ég enga sérstaka áherslu á að taka D-vítamín inn sem bætiefni. Eftir að ég fór að upplifa algjört þröttleysi og verki sem komu í köstum og ágerðust hratt til að mynda í beinum og þá sérstaklega í sköflungum og framhandleggjum fór ég að hafa miklar áhyggjur af heilsu minni. Samhliða fann ég fyrir því að andlega heilsan var heldur ekki upp á sitt besta og eðlilega undir þessum kringumstæðum varð ég mjög áhyggjufull og óttaðist hið versta,“ segir Kristín.

„Eftir nokkrar læknisheimsóknir og rannsóknir kom í ljós að það sem amaði að mér var að D-vítamín gildin í blóðinu voru komin langt niður fyrir eðlileg mörk. Ég tók því inn D-vítamín í frekar stórum skömmtum í ákveðinn tíma til að hækka gildin, þar sem ráðlagður dag-skammtur nær ekki að hækka gildin í blóðinu þegar um skort er að ræða. Eftir nokkrar vikur hurfu einkennin hægt og rólega og ég fór að líkjast sjálfri mér á ný. Það kom mér verulega á óvart að ég væri með D-vítamínskort og að einkennin gætu orðið svona svakaleg, en síðan þá hef ég sett D-vítamín í fyrsta sæti af þeim bætiefnum sem ég tek inn og gert það að daglegri rútínu fyrir mig og fjölskylduna mína.“

D vítamín gegnir viðtæku hlutverki í líkamsstarfsemi

Í dag hefur orðið mikil vitundarvakning um mikilvægi D-vítamíns en framan af var talið að eina hlutverk D-vítamíns væri að koma í veg fyrir beinkróm hjá börnum og beinþynningu hjá fullorðnum. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir upptöku og nýtingu á kalki fyrir beinin og því vissulega afar mikilvægt fyrir beinheilsu, en það er þó langt frá því að vera eina hlutverk D-vítamíns. Nú á seinni tímum hafa rannsóknir sýnt fram á að D-vítamín gegni mun viðtækara hlutverki í líkamsstarfsemi okkar en áður var talið og sé mjög mikilvægt fyrir varnir líkamans. D-vítamín er einnig mikilvægt fyrir andlega heilsu og gagnlegt í mesta skammdeginu.

”Eftir nokkrar læknisheimsóknir og rannsóknir kom í ljós að það sem amaði að mér var að D-vítamín gildin í blóðinu voru komin langt niður fyrir eðlileg mörk.

Mikilvægt að taka inn D-vítamín daglega

D-vítamín er ólíkt öðrum vítamínunum því við getum framleitt okkar eigið D-vítamín þegar UVB geislar sólarinnar skína á húðina. Þrátt fyrir það hefur komið í ljós að allt of margir eru í skorti eða við skortsmörk.

Ástæðan er sú að við verjum sífellt meiri tíma innandyrar og þegar við erum úti klæðumst við gjarnan fatnaði eða berum á okkur sólarvörn til að verjast skaðlegum geislum sólarinnar og útilokum um leið D-vítamín framleiðsluna í húðinni. Á Íslandi fáum við yfir höfuð of litla sól yfir vetrarmánuðina og þar sem það er einnig erfitt að fá nóg af D-vítamíni úr fæðunni hefur landlæknisembættið ráðlagt fólki að taka inn D-vítamín í formi bætiefna daglega.

Það er aldrei of seint að sporna gegn D-vítamínskorti og besta leiðin til þess er að taka það inn í bætiefnaformi alla ævi.

Better You D-vítamín munnúðar fyrir allan aldur

Better You vítamínlinan býður upp á mikið úrval af D-vítamínunum í munnúðaformi fyrir allan aldur. Vítamín í munnúðaformi eru í miklu upphaldi hjá mér því það er afar þægileg og einföld leið til að taka inn bætiefni.

Munnúðarnir eru sérlega bragðgóðir og hentugir í notkun, en með því að úða þeim út í kinn eða undir tungu frásogast bætiefnin í gegnum slímhúð í munni. Fyrir þá sem eiga erfitt með að nýta næringarefni úr fæðunni vegna undirliggjandi meltingarvandamála eða eiga erfitt með að kyngja töflum koma munnúðarnir sér sérlega vel.

Better You vörurnar njóta sífellt aukinna vinsælda og ekki að ástæðulausu því mikið er lagt upp úr gæðum og að upptakan á vítamínunum sé tryggð. Better You býður upp á D-vítamín munnúða fyrir allan aldur.



Kristín Steindórsdóttir leggur áherslu á D-vítamín fyrir andlega og líkamlega heilsu. MYND/ADSEND







Original White

- ◆ Hreinsar bletti af tönnum
- ◆ Verndar tennur og tannhold
- ◆ Styrkir glerunginn

Fæst í apótekum, stórmörkuðum og á Heimkaup.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. febrúar 2021

6. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

**MICHELSEN
1909**

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Ber í hendi stóran lurk

Seðlabankinn hefur meiri valdheimildir og tæki til að tryggja að virkir eigendur að bönkum skapi ekki kerfisáhættu með lánum til sjálfra sín eða tengdra aðila.

2

Lágar skuldir og loðna á leiðinni

Stefnt er að því að skrá Sildarvinnsluna á markað á fyrri hluta ársins. Heildarverðmæti hlutafjár gæti verið nærri 100 milljörðum.

4

Seldi við útgöngu Taconic

Seðlabankinn keypti krónur af stærsta hluthafa Arion fyrir nærri 5 milljarða með sérstökum gjald-eyrisinngripum þegar sjóðurinn seldi í bankanum.

4

Háskólinn vill kaupa Hótel Sögu

Háskóli Íslands hefur til skoðunar að festa kaup á húsnæði Hótel Sögu. Horft er til þess að flytja menntasvið Háskóla Íslands frá Stakkahlíð í bygginguna.

5

Tímabært að taka stóru skrefin

Dæmi eru um fyrirtæki á Íslandi sem hafa náð góðum árangri við lækkun skulda og hækkun láns-hæfismats með því að setja sér grænan fjármögnunarramma.

6

Sjávarútvegur eykur vægi sitt í kauphöllinni

Sildarvinnslan snýr aftur í kauphöllina eftir tæplega 17 ára fjarveru á skráðum hlutabréfamarkaði. Miðað við nýjasta birta ársreikning félagsins gæti verðmæti þess numið yfir 90 milljörðum króna. Fyrsta loðnuvertíðin í þrjú ár mun styðja við reksturinn á þessu ári. ➔4




Það er mjög góður tími til að skrá félög á markað núna, enda eru vextir lágir og hlutabréfaverð hátt um þessar mundir.

Snorri Jakobsson, hlutabréfagreinandi

MYND/ADSEND


*GUCCI



Optical Studio

Nýtt - sólgleraugu 2021

www.opticalstudio.is



HELGAR BRUNCH

laugardaga og sunnudaga
11.30–14.30

NÝR OG SPENNANDI SEÐILL

Eggs benedict, amerískar pönnukökur, mega brunch og fleiri girnilegir réttir.

Matseðill og borðapantanir á saetasvinid.is

SÆTA SVÍNID // Hafnarstræti 1-3 / Sími 555 2900 / saetasvinid.is



Ásgeir segir að tilmæli um arð og kaup á eigin bréfum hafi verið hugsuð til skamms tíma. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Sameinuð stofnun ber í hendi stóran lurk

Seðlabankinn hefur mun meiri valdheimildir og tæki til að tryggja að útlán til virkra eigenda að bönkum geti ekki skapað kerfisáhættu, segir Ásgeir. Skilur vel að sporin hræði þegar til stendur að selja hlut ríkisins í Íslandsbanka.

Seðlabankastjóri segir það „alveg klárt“ að fjármálakerfinu verði ekki leyft að fara á aftur sama stað og í aðdraganda bankahrunsins 2008 þegar íslenskar eftirlitsstofnanir höfðu ekki nægjanlega heildarsýn á þá áhættu sem hafði meðal annars byggst upp vegna stórra útlána til virkra eigenda bankanna og tengdra aðila.

„Þessi sameinaða stofnun ber í hendi stóran lurk sem hægt er að beita ef á þarf að halda og til þess að tryggja aga og stöðugleika á fjármálamarkaði,“ segir Ásgeir Jónsson í viðtali við Markaðinn.

Ákveðið hefur verið að hefja sölu-meðferð á Íslandsbanka en stefnt er að því að selja 25 til 35 prósent hlut með hlutfjárútbóði og skráningu. Í umræðu um söluferlið hafa sumir nefnt að hætta sé á því að bankinn komist í hendur aðþrengdra stórra fjárfesta sem kunni að vilja nýta sér eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, aukna lánaufyrirgreiðslu, eins og gerst hefið á árum áður.

Spurður hvort það sé hætta á því að slík atburðarás verði endurtekin þegar bankinn færir úr eigu ríkisins í hendur einkaaðila á komandi árum segir Ásgeir að „það sé að minnsta kosti miklu erfiðara í dag“.

„Það var ekki vel staðið að einkavæðingu bankanna um síðustu aldamót og ég held að um það deili fáir í dag. Ég skil því vel að sporin kunni að hræða nú þegar til stendur að taka varfærin skref í að minnka eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka,“ útskýrir hann, og bætir við:

„Hvað eftirlitið varðar þá fólst hins vegar gagnrýni málsmetandi erlendra aðila á árunum fyrir hrun í að enginn einn aðili bar ábyrgð á áhættu í fjármálakerfinu heldur voru málefni fjármálastofnana á hendi marga ráðuneyta og stofnana, auk þess sem valdheimildir voru mjög takmarkaðar. Þeirri gagnrýni hefur nú verið svarað með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og ýmsum lagasetningum sem hafa skilað nýjum valdheimildum. Nú er kominn fram einn aðili sem ber skýra ábyrgð á fjármálastöðugleika, hefur góða yfirsýn yfir fjármálakerfið og getur

Bankarnir að koma mun betur út úr kófinu

„Uppgjör viðskiptabankanna hafa sýnt miklu betri stöðu þeirra en ég óttaðist við upphaf faraldursins,“ segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

Arion banki tilkynnti á mánudag að Seðlabankinn hefði veitt bankanum heimild til kaupa á eigin bréfum fyrir um 15 milljarða. Það er talsvert hærri fjárhæð en fólst í tilmælum bankans um miðjan janúar til íslenskra fjármálafyrirtækja.

Ásgeir bendir á að þessi tilmæli hafi verið samevrópsk og hugsuð sem varúðarsjónarmið í ljósi þess að óvist er hvenær faraldrinum muni slota og hversu mikil virðisrýrnun yrði á lánasafni bankanna. Seðlabankinn hafi hins vegar í ársbyrjun kosið að gefa fjármálafyrirtækjum lítilla meira svigrúm fyrir arðgreiðslur eða kaup á eigin bréfum en Evrópski seðlabankinn hafi gert.

„Við höfum engan lagabókstaf til að stoppa þetta. Ég sendi því skýr skilaboð til bankanna í vor að ein forsenda þess að sveiflu-

jöfnunarauki ofan á eiginfjárröfur bankanna yrði aflétt, sem er í reynd peningaprentun fyrir þá, væri að þeir myndu í kjölfarið fresta tímabundið öllum arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum. Á þessum tíma var efna-hagsóvissan gríðarlega mikil,“ segir Ásgeir.

„Þetta voru hins vegar tilmæli hugsuð til skamms tíma,“ útskýrir hann, „og bankarnir eru að koma mun betur út úr kófinu en við gerðum ráð fyrir. Það er líka meðal annars aðgerðum Seðlabankans að þakka, eins og lækkun vaxta og gjaldeyrisinn-grip til að tryggja gengisstöðugleika, sem hefur valdið því að vandamál vegna útlána hafa einskorðast að mestu við fyrir-tæki í ferðapjónustu og þá hefur eftirspurnin tekið hratt við sér á húsnæðislánamarkaði.“

Ásgeir segir að Seðlabankinn hafi í þessu ljósi ákveðið að gera ekki athugasemdir við að Arion banki kaupi eigin bréf að fjárhæð 15 milljarða.

brugðist við ef á þarf að halda sem lánveitandi til prautavara eða með beinum inngrípum,“ segir Ásgeir.

Þá bendir hann á að hinn „nýi sameinaði Seðlabanki beri ægis-hjálmi yfir fjármálakerfið. Bankinn hefur nú þann slagkraft að geta haft áhrif á hegðun fjármálastofnana og markaðsaðila, jafnvel þó bein laga-tilmæli séu ekki til staðar, eins og við sáum í fyrra með tilmælum til banka að fresta arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum.

Það er þó aldrei hægt að segja aldrei. Það er engum blöðum um það að fletta að eftirlitið hefur styrkst með sameiningu Seðlabankans og FME. Við höfum lært af reynslunni og erum mjög með-vituð um ábyrgð okkar. Við munum nýta þennan nýja slagkraft eftir því sem við höfum getu og dug til svo hrunið 2008 endurtaki sig ekki, en það er aldrei hægt að útiloka nýtt fjármálaáfall sem stafar af öðrum

rótum. Fjármálamarkaðir eru í eðli sínu óstöðugir – og eitt leiðir oft af öðru með óvæntum hætti.“

Spurður hvort bankinn hafi nægjanleg úrræði og getu til að hafa eftirlit með virkum eigendum, þeim sem fara með tíu prósent hlut eða meira, segir Ásgeir að hafa verið hugfastar þær gagngeru breytingar á regluverki og eftirliti með fjármálafyrirtækjum, hér á Íslandi og í öllum hinum vestræna heimi.

„Með nýjum lögum höfum við fengið mun meiri valdheimildir og tæki til að tryggja að virkir eigendur að bönkum geti ekki, eins og gerðist í aðdraganda bankahrunsins, skapað kerfisáhættu með því að lána til sjálfra sín eða tengdra aðila. Við höfum nú það hlutverk að meta hæfi virkra eigenda en við getum auðvitað ekki farið í einhverja fegurðarsamkeppni og raðað þeim eftir því hve vel þeir lita út í okkar augum.“ hordur@frettabladid.is


MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsinga auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Innviðir á Íslandi 2021

Í beinu streymi miðvikudaginn
17. febrúar kl. 10.00-11.30

Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur er ný skýrsla Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga sem kynnt verður í beinu streymi frá Norðurljósum í Hörpu miðvikudaginn 17. febrúar kl. 10.00–11.30. Í skýrslunni er metið umfang, ástand og framtíðarhorfur helstu innviða á Íslandi sem saman mynda lífæðar samfélagsins; flugvellar, hafnir, vegakerfi, fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuvinnsla, raforkudreifing- og flutningur, fasteignir ríkis og sveitarfélaga og úrgangsmál. Með fjárfestingum í innviðum er fjárfest í lífsgæðum þjóðarinnar, samkeppnishæfni atvinnulífsins og hagvexti framtíðarinnar.



► **Árni Sigurjónsson**
formaður SI



► **Ingólfur Bender**
aðalhogfræðingur SI



► **Reynir Sævarsson**
byggingarverkfræðingur hjá Eflu og
formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga



► **Ásmundur Magnússon**
byggingartækni-fræðingur á
samgöngusviði hjá Mannviti



► **Sverrir Bollason**
skipulagsverkfræðingur hjá VSÓ



► **Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri SI



► **Sigurður Ingi Jóhannsson**
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra



► **Rósa Guðbjartsdóttir**
bæjarstjóri Hafnarfjarðar



► **Guðrún Ingvarsdóttir**
forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins



► **Jóhanna Klara Stefánsdóttir**
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI

Skráning á si.is



Lágar skuldir og loðnan á leiðinni

Stefnt er að því að skrá Sildarvinnsluna á markað á fyrri hluta ársins. Heildarverðmæti hlutafjár á bilinu 80 til 95 milljarðar króna. Fyrsta loðnuvertíðin í þrjú ár mun bæta afkomu ársins, en snúin staða í makríl vegur hugsanlega á móti að einhverju leyti.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Skráning Sildarvinnslnnar á aðallista Nasdaq Iceland mun líklegast fela í sér sölu á eignarhlut að markaðsvirði að minnsta kosti 20 til 23 milljarða króna, ef lítið er til rekstrar- og efnahagsstærða félagsins. Bókfært virði aflaheimilda Sildarvinnslnnar var um 30 milljarðar króna við árslok 2019, en upplausnarvirði þeirra er töluvert herra. Aflaheimildir Sildarvinnslnnar eru fyrst og fremst í uppsjávartegundum við árslok 2019, þó svo að samsetning þeirra hafi breyst nokkuð síðan þá í gegnum yfirtökur á öðrum félögum. Sé hins vegar miðað við það sem fram kemur í yfirliti aflaheimilda ársreikningsins frá árinu 2019 má áætla að verðmæti aflaheimilda sé tæplega 80 milljarðar, að því er heimildir Markaðarins herma. Upplausnarvirði aflaheimilda segir hins vegar bara hálfa söguna.

Nærtækasta samanburðarfélagið við Sildarvinnsluna til þess að reyna að áætla verðmæti hlutafjár er Brim, eina skráða sjávarútvegsfélagið á markaði. Hlutfall rekstrarvirðis og hagnaðar Brims á árinu 2019 fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) var um 11,5. Nýjasti, aðgengilegi ársreikningur Sildarvinnslnnar er frá árinu 2019 en þá var EBITDA hagnaður félagsins um 8,23 milljarðar króna. Sé EBITDA hagnaður ársins 2019 margfaldaður með tölunni 11,5 að frádregnum nettóskuldum Sildarvinnslnnar (sem voru rétt ríflega einn milljarður króna undir árslok 2019) fæst út talan 94,6 milljarðar króna.

Því má ætla að verðmæti alls hlutafjár Sildarvinnslnnar liggi á bilinu 80 til 95 milljarðar króna, miðað við forsendur ársreiknings 2019 og þeirra verðmargfaldara sem lesa má úr markaðsgögnum þess tíma. Samkvæmt reglum Nasdaq Iceland þarf að skrá að minnsta kosti fjórðung hlutafjár félaga á aðallista kauphallarinnar, sem þýðir að á bilinu 20 til 23 milljarðar verða boðnir til sölu miðað við 25 prósent hlut.

Þó verður að hafa í huga að hlutabréfaverð hefur hækkað almennt á tímabilinu. Gengi bréfa Brims hefur þannig hækkað um tæplega 30 prósent frá árslokum 2019 og verðmat á hlutafé Sildarvinnslnnar á forsendum ársloka 2019 því með varfærnasta móti.

Gunnþór Ingvason, forstjóri Sildarvinnslnnar, sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að ekki hefði verið tekin ákvörðun

Skráning á sömu tímalínu og Íslandsbanki

Að því er stefnt að skrá Sildarvinnsluna á markað á fyrri helmingi þessa árs, líkt og komið hefur fram í tilkynningum frá fyrirtækinu. Tímalína skráningar Íslandsbanka er nokkurn veginn hin sama, en stefnt er að skráningu á 25 til 35 prósent hlut í bankanum í maí eða júní á þessu ári.

Nýtt framboð hlutabréfa vegna skráningar Íslandsbanka má þannig áætla á bilinu 35 til 40 milljarða króna. Að fjórðungshlut í Sildarvinnslnni viðbættum og að því gefnu að hann sé um 20 milljarða virði, er því um að ræða um það bil 60 milljarða af nýju framboði hlutabréfa fyrir fjárfesta á fyrri helmingi ársins.

Snorri Jakobsson, hlutabréfagreinandi hjá Jakobson Capital, telur að markaðurinn gæti átt erfitt með að kyngja öllu þessu nýja framboði á sama tíma. „Það er mjög góður tími til að skrá félög á markað núna, enda eru vextir lágir og hlutabréfaverð hátt um þessar mundir.

Markaðsaðilar þekkja Íslandsbanka hins vegar betur en Sildarvinnsluna. Það er þó ekki endilega víst að það vinni gegn Sildarvinnslnni,“ segir Snorri.

95

milljarðar er heildarvirði hlutafjár SVN miðað við margfaldara á markaði.

um hversu stór hluti yrði skráður. Heimildir Markaðarins herma að stórir hluthafar í félaginu muni selja frá sér. Félögin Samherji og eignarhaldsfélagið Kjálkanes, sem fara samanlagt með tæplega 79 prósent hlut í félaginu, eru þannig bæði sögð ætla að selja frá sér hlut í útboðinu. Miðað við sterka fjárhagslega stöðu Sildarvinnslnnar má vart sjá forsendur þess að auka hlutafé.

Minna fyrir makrílinn

Atburði ársins 2020 verður hins vegar að hafa í huga þó að afkoma ársins 2019 sé nýjustu opinberu gögn sem hægt er að styðjast við. Sildarvinnslnan gekk frá kaupum á útgerðarfélaginu Bergi í gegnum dótturfélag sitt Berg-Hugin í október síðastliðnum, en aflaverðmæti Sildarvinnslnnar og dótturfélaga er núna um það bil jafnt skipt milli



Sildarvinnslnan var stofnuð í Neskaupstað árið 1957. Mest öll starfsemi fyrirtækisins er enn þá þar. MYND/ADSEND

Ódýrt lánsfé jók misvægi rekstrarvirðis og upplausnarvirðis

Pegar mest var voru alls 19 sjávarútvegsfyrirtæki skráð á markað á Íslandi, en upp úr aldamótum fór að bera á afskráningu þeirra. Ekkert útgerðarfyrirtæki var skráð í kauphöllina frá afskráningu Granda árið 2006 og fram til 2014, þegar sama fyrirtæki var skráð aftur. Fyrir tæpum 20 árum síðan var almennt lítið svo á að lág velta með hlutabréf sjávarútvegsfyrirtækja hefði kerfisbundið vanmetið raunverulegt verðmæti þeirra á markaði. Verðmæti aflaheimilda væri bókfært á aðeins broti af raunverulegu verðmæti þeirra og endurmetið eigið fé þeirra því miklu herra en verð á skráðum markaði hafi bent til.

Einnig var bent á að fjárfestar hafi haft þá hugmynd að vaxtarækifæri í sjávarútvegi væru

takmörkuð, þar sem veiðistofnar við Íslandsstrendur væru meira og minna fullnýttir og lög um þak á eignarhaldi aflaheimilda takmarkaði möguleika til hagræðingar. Óvissa um kvótakerfið, sem hafði á þeim tíma aðeins verið við lýði í um tvo áratugi, var einnig talið draga úr áhuga fjárfesta á hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjum.

Einhver af þessum rökum kunna að halda enn þann dag í dag. Stærsta, einstaka ástæðan fyrir afskráningu sjávarútvegsfyrirtækja er þó eflaust hið mikla aðgengi að ódýru lánsfé sem kom til sögunnar upp úr aldamótum. Líkt og nánast allir aðrir eignaflokkar þá hækkaði verð á aflaheimildum mjög mikið á þeim tíma. Það hafði þær afleiðingar að mismunur á upplausnarvirði

og rekstrarvirði sjávarútvegsfyrirtækja jókst enn frekar, sem skapaði enn meiri hvata fyrir kjölfestueigendur sjávarútvegsfyrirtækja að gera yfirtökutilboð og taka af markaði. Verðmæti sjávarútvegsfyrirtækja hefur síðan aukist mikið síðan á fyrsta áratug þessarar aldar frá því að afskráningaalda reið yfir, einkum vegna aukinnar tæknivæðingar og bættrar framleiðni.

Í bankahruninu 2008 kom svo vel í ljós hversu upplásið verð á aflaheimildum var orðið, þegar það hrundi úr 5.000 þúsund krónum fyrir kilóíð í ríflega 1.700 krónur þegar það fór lægst. Um þessar mundir er verðið á þorskvóta um 3.700 krónur – enn þá rúmum fjórðungi lægra en þegar það náði sínum hæstu hæðum í aðdraganda haustsins 2008.

uppsjávar- og botnfisktegunda.

Afkoma makrílveiða var síðan eflaust lakari á árinu 2020 en 2019. Þrátt fyrir að oliuverð hafi lækkað skarpt eftir að heimsfaraldurinn gerði vart við sig, þurfti að sækja makrílinn töluvert lengra út á haf en síðastliðin ár, sem eykur kostnað við veiðar. Löng heimsigling verkar að sama skapi til lækkunar á aflaverðmæti, það er ef ætlunin er að vinna makrílinn til manneldis. Heimsmarkaðsverð á makríl var einnig heilt yfir lægra síðasta haust

en árin 2018 og 2019. Göngumynstur makrílsins virðist einnig vera að breytast töluvert, en sækja þurfti lungann úr afla þessarar vertíðar í Sildarsmuguna djúpt suðaustur af landinu. Það gildir svo um makrílinn eins og flest annað í sjávarútvegi: Mikil óvissa ríkir um hvernig næsta haust verður, sérstaklega í ljósi þess hvernig fór á síðustu vertíð.

Útflutningur á frystum sjávarafurðum jókst mjög eftir því sem heimsfaraldurinn herti tókin á heimsbyggðinni, á kostnað ferskra.

Það endurspeglast í lægra aflaverðmæti, einkum og sér í lagi á bolfiski.

Sé lítið til þess sem er breytt á yfirstandandi ári er skemmst að minnast fyrstu loðnuvertíðarinnar í þrjú ár. Talið er að útflutningsverðmæti loðnu á þessu ári verði allt að 10 milljarðar króna, en Sildarvinnslnan heldur á tæplega fimmtungi aflaheimilda loðnu á Íslandi. Eftir algjöran loðnubrest undanfarinna tveggja ára mun vertíðarinnar nú gæta í afkomu Sildarvinnslnnar á yfirstandandi ári.

Seldi gjaldeyri fyrir fimm milljarða við útgöngu sjóðsins Taconic

Sæðlabanki Íslands greip inn í á gjaldeyrismarkaði undir lok síðasta mánaðar þegar bankinn keypti krónur af bandaríska vogunarsjóðnum Taconic Capital, stærsta hluthafa Arion banka, með sölu á gjaldeyri úr forða sínum fyrir um 30 milljónir evra, jafnvirði um 4,7 milljarða króna.

Gjaldreyrissala Sæðlabankans fór fram miðvikudaginn 27. janúar síðastliðinn en Taconic kláraði þann dag sölu á liðlega sjö prósent hlut í Arion fyrir 11,4 milljarða króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins ákvað Sæðlabankinn að losa út hluta af þeim krónum sem vogunarsjóðurinn fékk við sölu á – gjaldreyrisviðskiptin voru gerð í gegnum

viðskiptabanka Taconic – með sérstökum inngrípum til að aftra því að þrýstingur myndi skapast á gjaldreyrismarkaðinn.

Sæðlabankinn hefur á undanförnum mánuðum beitt inngrípum á gjaldeyrismarkaði fyrir tugi milljarða, meðal annars til að losa út aflandskrónueignir bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Loomis Salyes og við útgöngu evrópska skuldaskjóðsins BluBay en hann var um tíma stærsti eigandi íslenskra ríkisbréfa í krónum en seldi allt sitt í lok október í fyrra.

Sæðlabankinn hefur hins vegar ekki, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, beitt sérstökum gjaldreyrisinngrípum samhliða því að

10%

hlut hefur Taconic selt í Arion banka á aðeins um tveimur vikum.

erlendir sjóðir hafa selt hluti sína í skráðum félögum á markaði. Talsverður hluti af fjárfestingu Taconic í Arion banka – sjóðurinn átti rúmlega 23 prósent hlut áður en hann hóf að selja sig niður í liðnum mánuði – var varin fyrir gengissveiflum með skiptasamningum.

Eignarhaldsfélög og fjársterkir

einstaklingar, meðal annars Mótás, Hvalur, Sjávarsýn og Stálskip, tóku stóran skerf af þeim sjö prósent hlut sem vogunarsjóðurinn seldi í lok janúar á genginu 95 krónur á hlut. Lifeyrissjóðir, einkum LSR, Almenni, Festa og Brú, keyptu samanlagt um þriðjung bréfanna. Þá jókst hlutur bankanna – Íslandsbanka, Kviku og Landsbankans – um 2,2 milljarða að markaðsvirði og áttu þeir um 5,6 prósent eftir sölu. Sá hlutur er einkum vegna framvirkra samninga við viðskiptavini.

Taconic hefur haldið áfram að minnka við hlut sinn að undanfögnu. Í byrjun febrúar seldi sjóðurinn um 1,7 prósent hlut til viðbótar fyrir um 3 milljarða en

á meðal stórra kaupenda að þeim bréfum voru Akta sjóðir en þeir hafa á skömmum tíma nærri þrefaldað eignarhlut sinn í og fara nú með samtals 1,84 prósent hlut. Þá seldi Taconic einnig um 23 milljónir hluta að nafnverði í gær á genginu 108 krónur á hlut, samkvæmt heimildum Markaðarins, en sjóðurinn er eftir sem áður stærsti hluthafi bankans með liðlega 13 prósent hlut.

Gríðarleg velta hefur verið með bréf Arion að undanfögnu – hún nam yfir 5 milljörðum í gær – samtímis því sem gengið hefur hækkað mikið. Frá áramótum hefur hlutabréfaverðið hækkað um 15 prósent og stendur markaðsvirði bankans í nærri 189 milljörðum. – hae

Skrifstofan

MIÐVIKUDAGUR 10. FEBRÚAR 2021

Kynningar: dk hugbúnaður, Múlalundur.



Það er komin ný útgáfa af bókhaldshugbúnaði dk, sem er vinsælasta bókhaldskerfi landsins. Nýja útgáfan hefur verið í þróun síðustu tvö árin og fer í dreifingu á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ný útgáfa af vinsælasta bókhaldskerfinu er komin

Á hverju ári bætast við 550 ný fyrirtæki í hinn stóra viðskiptavinahóp dk hugbúnaðar. Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Ný útgáfa af kerfinu er nú að koma út, en hún býður upp á ýmiss konar nýjungar. ➔2



Dagbjartur Pálsson er framkvæmdastjóri hjá dk hugbúnaði og Hafsteinn Róbertsson er sérfræðingur afgreiðslukerfa. Þar starfa rúmlega 70 starfsmenn á skrifstofum í Kópavogi og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsiðu ➔

Nú er komin ný útgáfa af kerfinu, en hún hefur verið í þróun síðustu tvö árin. Útgáfan fær útgáfunúmerið 5.0 og fer í dreifingu á næstu dögum.

„dk bókhaldskerfið er klárlega vinsælasta bókhaldskerfið á markaðinum. Margir viðskiptavinir okkar tala til dæmis ekki um bókhaldskerfi heldur segja einfaldlega dk, en dk stendur fyrir debet og kredit. Það er óhætt að segja að í þessari útgáfu er töluvert af flottum og gagnlegum nýjungum,“ segir Dagbjartur Pálsson, sem er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

Nýtt viðmót


„Útgáfan inniheldur nýtt útlit sem er töluvert frábrugðið því sem hefur verið ráðandi síðustu 20 árin,“ segir Dagbjartur. „Allar aðgerðir eru nú mun sýnilegri en áður og útlitið er myndrænna og nútímalegra og notendur geta aðlagð útlit kerfisins að sínum þörfum.“

Ný aðalvalmynd

„Aðalvalmyndin í dk hefur tekið miklum breytingum frá fyrri útgáfu. Hana má nú hafa fasta vinstra eða hægra megin við jaðar kerfisins. Einnig er hægt að þjappa valmyndinni saman þannig að einungis smámyndir sjást,“ segir Dagbjartur. „Áfram verður hægt að nota lyklorðið við allar skipanir og sleppa alveg notkun músarinnar kjósi menn svo. Möguleiki er þó alltaf að kalla fram fljótandi aðalvalmyndina ef notendur kjósa það frekar.“

Mínar aðgerðir

„Ein af þeim nýjungum sem fylgja aðalvalmyndinni og nýrri tækjastiku eru „Mínar aðgerðir“. Þar er hægt að festa þær aðgerðir sem notendur nota mikið. Afar einfalt er að bæta aðgerðum inn í Mínar aðgerðir og fjarlægja aðgerðir úr Mínun aðgerðum,“ segir Dagbjartur.



Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. MYND/ADSEND



Útgáfan inniheldur ýmsar uppfærslur, meðal annars nýtt útlit sem er töluvert frábrugðið því sem hefur verið ráðandi síðustu 20 árin. MYND/ADSEND

Mælaborð

„Á aðgerðarhluta tækjastiku er nú hægt að kalla fram mælaborð. Mælaborðið tekur saman gögn um leið og það er keyrt og sýnir þau á myndrænan hátt,“ útskýrir Dagbjartur. „Hægt er að skoða mælaborð fjárhags og sölu og með mælaborðinu fylgja nokkrar tilbúnar skýrslur.“

Fleiri hjálpargluggar

„Nýir og betrubættir hjálpargluggar koma líka með útgáfunni.

Hjálpargluggarnir einfalda vinnslu og leiða notandann áfram glugga fyrir glugga, en þeir flyta til muna og auðvelda alla vinnu í kerfinu,“ segir Dagbjartur.

„Aðrar helstu nýjungar í útgáfunni eru: Nýtt starfsmannakerfi, bættur stuðningur við innborganir, sjálfvirkar kröfusingar, en nú er hægt að velja um að senda kröfu strax inn í heimabanka um leið og reikningur prentast út og ný útgáfa af fjárhagsdagbókinni sem er mun öflugri, sveigjan-



Öpp og veflausnir dk verða sífellt öflugri. Þær virka á iOS og Android snjalltækjum og verða uppfærðar með nýju útgáfunni. MYND/ADSEND

legri og einfaldari í notkun,“ segir Dagbjartur. „Nú er hægt að setja upp fylgiskjalaraðir og mótfærsla fylgiskjals er nú komin í sömu línu. Einnig er nú hægt að sækja bankahreyfingar beint úr fjárhagsdagbókinni.“

Þægilegar nýjungar í sjálfsafgreiðslulausnum

„Meðal nýjunga í sjálfsafgreiðslulausnum dk, er sjálfsafgreiðsla fyrir sjúkarþjálfunar- og kírópraktorstofur,“ segir Dagbjartur. „Sjálfsafgreiðsla fyrir kírópraktorstofur einfaldar móttöku viðskiptavina og greiðsluferli tengt þeim. Kerfið keyrir á iPad spjaldtölvum með tengingu við þráðlausa kortaposa.“

Öflugri léttlausnir (Öpp og veflausnir) í boði en áður

„Léttlausnum (öppum og veflausnum) dk fjölga og þær verða sífellt öflugri. Þær virka á iOS og Android snjalltækjum. Með útgáfu 5.0 kemur einnig uppfærsla á léttlausnirnar,“ segir Dagbjartur. „Helstu léttlausnirnar eru: stjörn-

borð í snjalltæki, verkskráning (tímar, akstur og kostnaður) í snjalltæki, gerð sölureikninga í snjalltæki, gerð tilboða í snjalltæki, skráning sölupantana í snjalltæki, iPOS fyrir verslanir og þjónustu í snjalltæki, afgreiðsla veitingahúsa í snjalltæki, stimpilklukka í snjalltæki og móttaka og samþykkt reikninga í snjalltæki.“

Pappírslaut bókhald eftir í nýju útgáfunni

„Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafrænna reikninga, hvort sem er á PDF eða XML-formi, einfaldar líf bókarans, dregur úr villuhættu og tryggir rétta meðhöndlun gagna,“ segir Dagbjartur. „Bankakerfið annast sjálfvirka afstemmingu bankareikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað. Öll vinnsla á sér stað inni í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í netbanka til að greiða og móttaka reikninga og sækja greiðslur. PDF-reikningar til viðskiptavina og frá birgjum eru sendir og mótteknir og tengdir við færslur þar sem við á.

Við bjóðum líka upp á tengingar við allar helstu vefverslanir og sérsniðnar afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu,“ segir Dagbjartur. „Allt er þetta liður í að gera dk viðskiptahugbúnaðinn sem mest pappírslausan og sjálfvirkan.“

dk í áskrift

„Á dk.is er val um áskriftarleiðir og verð og hægt er að panta aðgang að bókhaldskerfinu. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk, sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur að lokum.

Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 70 starfsmenn og er fyrirtækið með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Nánari upplýsingar má nálgast í síma 510 5800, dk@dk.is eða inn á www.dk.is

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

sedus
Knoll

Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Quarterback frá Sedus
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

Epalverð:

72.500.-



Chadwick frá Knoll
sameinar falleg form
og hámarkspægindi

Epalverð:

112.500.-

HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Heimavinna er krefjandi

Stór hluti landsmanna hefur verið í heimavinnu síðasta árið. Þegar fólk vinnur heima er afar mikilvægt að huga að réttum búnaði til að koma í veg fyrir heilsubrest. Réttu tækin eru því nauðsyn.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is




Samkvæmt Hagstofunni voru um þrefalt fleiri sem unnu að staðaldri heima undir lok síðasta árs en fyrir COVID-19. Misjafnt er hversu góða aðstöðu fólk hefur til að útbúa heimaskrifstofu. Þá skiptir máli að búnaðurinn sé jafngóður og á vinnustaðnum. Fyrirtæki eiga að láta fólki í té vinnubúnað sem auðvelt er að taka með heim. Ef fólk vinnur á fartölvu er betra að hafa stóran skjá og tengja hann við. Þá skiptir máli að tölvun sé í réttri hæð. Nota má tölvustand, bækur eða skókassa undir tölvuna til að ná sömu hæð á tölvuskjánum og í vinnunni.

Þegar unnið er ætti að horfa beint fram á skjáinn, ekki niður. Verkir í hálsi koma auðveldlega fram í rangri sitjandi stöðu. Halla skal skjánum örlítið aftur á bak þannig að augun horfi beint á efri hluta skjásins. Notaðu frekar tölvumús til að stýra vinnunni, helst þráðlaus. Til eru sérstakar tölvumýs sem eru gerðar til að minnka álag á hendur.

Ef fólk vinnur heima til lengri tíma ætti að fjárfesta í skrifborði og skrifborðsstól ef þess er kostur. Borðið heima á að vera um það bil í sömu hæð og í vinnunni. Það á að vera hægt að leggja handleggina á borðið í hvíldarstöðu. Þannig staða minnkar líkur á verkjum í úlnið, framhandlegg, olnboga og öxlum.

Mikilvægt er einnig að stóllinn sé rétt stilltur. Of hátt stilltur stóll skapar vöðvabólgu og eymsli í hálsi, baki og öxlum. Auk þess sem hann stuðlar að höfuðverk. Best er að taka skrifborðsstólinn úr vinnunni með sér heim. Passaðu



Aðstæður fólks til að vinna heima eru ýmiss konar. Sumir hafa komið sér upp ágætis aðstöðu, jafnvel í eldhúsinu. FRÉTTBLAÐIÐ/GETTY

að rétta úr bakinu. Lítil skjár eins og á fartölvu reynir meira á hálsinn. Stilltu leturstærðina svo sjáist vel á skjáinn. Tryggðu einnig gott birtustig á skjánum.

Taka skal hlé frá tölvunni með reglulegu millibili. Náðu í kaffi, vatn eða labbaðu hring um íbúð-

ina á hverri klukkustund. Einnig er gott að taka nokkrar æfingar til að auka blóðrásina. Ágætt ráð er að taka smá göngutúr til að fá hreyfingu en látið samstarfsmenn vita ef þið farið frá tölvunni. Æfingar með höndum eru líka góðar til að auka liðleika. Hægt er



Það getur verið kósi að vinna heima og hafa gæludýrin í kringum sig. Flestir sakna þó félagsskapar vinnufélaga og hlakka til að mæta í vinnuna á ný.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

að setja upp áminningu í tölvuna sem birtist á skjánum á vissum tímum. Reglan er yfirleitt sú að vinna í 50 mínútur en taka sér þá 10 mínútur í pásu. Í pásunum ætti að taka nokkrar jógaæfingar eða styrktaræfingar.

Mjög margir eru með vinnupóst í símanum og svara póstum utan vinnutíma. Ekki ætti að gera það. Hvíld frá vinnu er mikilvæg og fólk ætti að setja sér mörk varðandi það að svara póstum eða símtölum utan vinnutíma.

Samskipti við samstarfsfélaga þurfa að vera aðgengileg og þægileg. Microsoft Teams hefur reynst ágætlega sem örugg og góð lausn en fleiri tegundir eru í boði. Velja þarf þann búnað sem hentar vinnunni til að deila gögnum eða ræða saman á fundum. Til að slíkur hugbúnaður virki vel þarf nettenging á heimilinu að vera traust og góð. Starfsmenn verða að gæta þess að vera með vel virka

fartölvu eða farsíma. Góð heyrnar-tæki eru sömuleiðis nauðsynleg, hljóðnemar og góðar vefmyndavélar. Stafrænir fundir eru algjörlega háðir góðu hljóði og mynd.

Í rannsókn á heimavinnu sem gerð var af Transportökonomisk institutt í Noregi í fyrra kom fram að 62% þeirra sem tóku þátt söknðu félagsskaparins á vinnustaðnum. Þá kom fram að 74% þeirra sem unnu heima sögðust vera jafn afkastamiklir og á vinnustað. Könnunin sýndi einnig að margir hlakka til að snúa aftur á vinnustaðinn. Helmingur þátttakenda sagðist ekki vilja vinna heima þegar ástandið yrði aftur eðlilegt. Næstum 40% sagðist vilja eiga möguleika á frekari heimavinnu hluta vikunnar. Margir telja að kórónafaraldurinn muni breyta atvinnulífinu til framtíðar og að vinnan verði sveigjanlegri. Með því er hægt að minnka skrifstofuhúsnæði og spara fé.

Skrifstofuvörur sem skapa atvinnu

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, býður mikið úrval skrifstofuvara sem skapa atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku. Verðið kemur þægilega á óvart og áramótatilboð gilda til 15. febrúar.

Á Múlalundi, vinnustofu SÍBS, fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Þar hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri. Áttunda Heimsmarkmið Sam-einuðu þjóðanna tekur til þess að vinna skuli vera „í boði fyrir alla, konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk“.

„Við segjum stundum að það að panta skrifstofuvörur af Múlalundi sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Fyrirtæki eða einstaklingar kaupa vörur sem þarf hvort eð er að kaupa, fá þær sendar daginn eftir og hafa þá látið gott af sér leiða,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS.

„Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubrests hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fötlun eða veikindi.“

Vinsæl vefverslun og heimsending um land allt

Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun.

„Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali skrifstofuvara, og bæði verðið og úrvalið kemur ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og við sendum vörurnar yfirleitt strax daginn eftir,“ upplýsir Sigurður.

Fari pöntun yfir 20.000 krónur er fri heimsending um land allt, en sé pantað fyrir lægri upphæð bætist við lágt sendingargjald.

Pennar, pappír, dagatöl og áletraðar fundabækur

Múlalundur selur allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng.

„Verðið í Múlalundi er vel samkeppnishæft og oftar en ekki erum við ódýrari en aðrir,“ upplýsir Sigurður.

Hann segir misskilnings gæta um að Múlalundur selji einungis eigin framleiðsluvörur, svo sem möppur og plastvasa.

„Við bjóðum líka upp á pappír, penna, töflutúss, löggiltan skjalapappír og allt mögulegt annað fyrir skrifstofuna. Þá er hægt að fá fjölbreytt úrval penna frá BIC, Milan, Pentel EnerGel og mörgum fleirum. Á síðustu mánuðum höfum við líka aukið verulega úrvalið af límbandsvörum frá Tesa.“

Fundabækur og minnisbækur nota flest fyrirtæki árið um kring. „Mörg fyrirtæki láta Múlalund gylla eða þrykkja nöfn og fyrirtækjamerki sín á minnisbækur. Með því skapa þau fleiri störf á Múlalundi og tryggja gagnaöryggi sitt. Fari bókin á flakk skilar hún sér frekar til eigandans. Auk þeirrar góðu tilfinningu að skapa atvinnu fyrir fólk með skerta starfsorku eru bækurnar eigulegar og fallegar gjafir til starfsmanna og viðskiptavina,“ nefnir Sigurður.

Múlalundur hefur í áratugi selt stór dagatöl sem eru mikið notuð um allt land á borð eða á vegg í tengslum við sýnilega stjórnun. Nú hefur bæst í úrvalið dagatal á músarmottu sem gott er að hafa við höndina.

Röð og regla með Egla

Egla-bréfabindi og möppur hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi. Egla er íslenskt heiti og sækir uppruna sinn í Egils sögu Skallagrimssonar.

„Hér innanhúss segjum við gjarnan: Röð og regla með Egla,“ segir Sigurður og brosir. „Við seljum líka tímaritabox þar sem kjölurinn lítur út eins og Egla mappa og eru



Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS, segir að með því að panta skrifstofuvörur frá Múlalundi geti viðskiptavinir látið gott af sér leiða á einfaldan og þægilegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Egla-möppurnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi.

hugsuð fyrir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata. Með þeim er snyrtilegt að horfa yfir hillur skrifstofunnar með allt í stíl.“

Alengt er að fyrirtæki geymi gögn í möppum um ákveðinn tíma en færi þau svo yfir í skjalakassa til að endurnýta möppurnar.

„Við bjóðum að sjálfsögðu upp á allar þessar lausnir og gott betur, en Egla og fleiri vörur Múlalundar fást beint frá Múlalundi sem og í öllum helstu ritfangaverslunum,“ segir Sigurður.

Umhverfisvænni möppur

Nýlega bættist við ný vara í Egla-fjölskylduna.

„Það eru Egla-möppur með spjöld úr 100 prósent pappír. Þær henta því enn betur til endurvinnslu og eru enn umhverfisvænni en þær gömlu. Kjölmiðinn er límduur til að tryggja 100 prósent plastleysi. Hægt er að kaupa auka kjölmiða eins og áður. Nýju möppurnar koma í þremur litum, svörtu, hvítu og bláu, stórar og litlar og passa því alls staðar,“ segir Sigurður.

Innri markaðssetning vinsæl

Múlalundur býður upp á barmmerki og hálsbönd fyrir starfsmannaskírteini, fundi og ráðstefnur. Þau eru ýmist framleidd af

starfsfólki Múlalundar eða innflutt.

„Sífelld fleiri fyrirtæki merkja nú starfsfólk sitt og þá henta barmmerki og hálsbönd vel. Þau fást í fjölmörgum litum og eru búin öryggislæsingum sem opnast sjálfkrafa ef rykkst er í böndin,“ útskýrir Sigurður.

Múlalundur framleiðir einnig vinsælar músarmottur til innri og ytri markaðssetningar hjá fyrirtækjum.

„Á motturnar eru þá prentuð skilaboð til starfsmanna tengd verkferlum, gæðastöðlum, sameiginlegum markmiðum eða átaksverkefnum, sem starfsmenn hafa svo við höndina í dagsins önn í orðsins fyllstu merkingu,“ segir Sigurður.

Plast vottað fyrir hreinleika

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Mikilvægt er að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið,“ segir hann.

Plastið sem Múlalundur nýtir í sína framleiðslu uppfyllir öll þessi



Vinsælustu pennar landsins fást í freistandi úrvali á Múlalundi.

skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna.

„Plastið hefur evrópska vottun til notkunar við leikfangagerð (EN-71-3) þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir hreinleika og skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu.

„Plastið sem Múlalundur nýtir er 40 til 60 prósent endurunnið. Hreint, vottað plast, að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið.“

Öllum er mikilvægt að vinna

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS, með stuðningi Happraðttis SÍBS. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

„Múlalundur stendur sjálfur undir stórum hluta tekna sinna, sem er allt að því einsdæmi á vinnustofum fólks með skerta starfsorku. Hver einasta króna skiptir Múlalund máli og ávinningurinn er samfélagsins í heild, því saman hjálpum við fleirum sem glíma við skerta starfsorku að komast á vinnumarkað. Starfsemin stendur og fellur með viðskiptavinum okkar og í dag standa mörg fyrirtæki sig vel í að flétta daglega starfsemi saman við samfélagslega ábyrgð. Þá vinna allir.“



Múlalundur framleiðir fjölbreytt og litríkt úrval af barmmerkjum.



Sniðugi Kangaro-heftarinn þarf helmingi minna átak en aðrir.



Frá SAX fást öflugir gatarar og heftarar í mörgum stærðum og litum.



Góðir og gagnlegir minnismiðar í mörgum litum og stærðum.



Hægt er að letra nafn fyrirtækis eða starfsmanns á minnisbækur.



Múlalundur býður upp á fjölbreytt úrval límbandsvara frá Tesa.



Vinsæl borð- og veggdatatöl Múlalundar eru notuð um allt land.

Á Múlalundi vinnustofu SÍBS er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Skoðið úrvalið á mulalundur.is

Saga skrifstofuhönnunar

Skrifstofuhúsgögn hafa þróast mikið gegnum aldirnar og hönnun þeirra hefur aðlagast breyttum vinnuháttum. Hönnun á skrifstofuhúsgögnum tekur mið af tíðarandanum hverju sinni.

Sandra Guðrún

Guðmundsdóttir

sandragudrun@frettabladid.is



Á 18. öld fóru skrifstofur að verða algengar. Þær voru staður þar sem viðskipti og þjónusta áttu sér stað utan heimilisins. En útlitið á skrifstofunum var gjörólíkt því sem við eigum að venjast í dag.

Fyrstu skrifstofurnar samanstóðu yfirleitt af löngum röðum af borðum og stólum, svolítið svipað skólastofu, og til hliðar við alrýmið voru skrifstofur yfirmanna sem voru innréttaðar með betri húsgögnum en í alrýminu. Seinna á öldinni urðu skrifborð með áfastri skjalageymslu ofan á borðplötunni vinsæl, enda hagkvæm leið til að halda röð og reglu á pappírslóðinu vinsæl og eru enn þann dag í dag talin klassík í skrifstofuhönnun.

Það var svo þegar fyrstu skýjakljúfarnir voru byggðir og hannaðir til þess að mörg fyrirtæki kæmst fyrir í einni byggingu, sem hönnun skrifstofuhúsgagna fór að taka verulegum breytingum. Skrifstofu-

» Skrifborð tóku að stækka til að auðveldara væri að koma fyrir sínum og ritvélum.

húsnæðið varð blanda af opnum rýmum og einkaskrifstofum og farið var að gera ráð fyrir kaffistofu og eldhúsi. Skrifborð tóku að stækka til að auðveldara væri að koma fyrir sínum, ritvélum og skjalamöppum. Gæði húsgagna jukust með tilkomu skrifborða úr stáli á fjórða áratug síðustu aldar.

Á sjöunda áratugnum höfðu þarfir skrifstofufólks breyst mikið frá því sem áður var. Hugmyndin um virka skrifstofu (e. action office) varð vinsæl. Vinnusvæði hvers starfsmanns stækkaði og farið var að aðgreina þau með skilrúmum. Á svipuðum tíma var byrjað var að hanna skrifstofuhúsgögn sem tóku tillit til ólíkra vinnustellinga. Þægilegar vinnustellingar eru enn þann dag í dag aðalhugsunin á bak við hönnun á skrifstofuhúsgögnum.

Virkar skrifstofur nutu mikilla vinsælda þar til seint á níunda áratugnum og fleiri og fleiri skrifstofur komu starfsfólki sínu fyrir á litlum básum sem margir hugsa til með



Skrifstofubásar fóru að verða algengir á 7. áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hið klassíska Art Nouveau skrifborð eftir Henry van de Velde. MYND/CC

hryllingi í dag. Enda var upphaflega hugsunin með virkri skrifstofu að skapa smá einkarými fyrir starfsfólkið, en ekki að koma sem flestum fyrir í þröngu rými eins og varð oft raunin.

Á 10. áratugnum fóru sófar og þægilegri stólar að verða algengari sjón á vinnustöðum en fram að því höfðu slík húsgögn oftast aðeins verið til staðar á einkaskrifstofum. Eftir að 21. öldin rann upp með öllum þeim tækninýjungum sem henni fylgdu hafa orðið hraðar breytingar á hinni dæmigerðu skrifstofu. Gera þurfti ráð fyrir snúrum fyrir þröðlaust net og fleiri rafmagnsinnstungum við hvert skrifborð, en sömuleiðis var hægt að minnka skrifborðin þar sem tölvur og skjáir tóku sífellt minna pláss.

Margir vinnustaðir hafa tekið upp á því að notast við færanleg skrifborð þar sem fólk situr ekki alltaf á sama stað heldur getur tengt fartölvuna sína hvar sem er á skrifstofunni og unnið þar. Skrifborð sem má hækka og lækka eru einnig orðin mjög algeng. Að lokum má nefna að hönnuðir skrifstofuhúsganga nota nú í enn meiri mæli en áður endurunnin efni í hönnun sína í takt við auknar kröfur um sjálfbærni á öllum sviðum.

Traust launavinnsla

Með úthýingu launavinnslunnar næst oft sparnaður og afleysingar í forföllum eru tryggðar

Launamál starfsfólks er einn viðkvæmasti þátturinn í rekstri hvers fyrirtækis. Við höfum séð um launavinnslu fyrir smáa og stóra rekstraraðila í fjölmörg ár og hjá okkur starfar öflugt teymi launafulltrúa með víðtæka reynslu af launavinnslu og ríka þjónustulund.

Hafðu samband við skrifstofu KPMG í þinni heimabyggð í síma 545 6000 eða á netfangið kpmg@kpmg.is og við gefum þér fast verð í þinn launaútreikning.

kpmg.is





Fljúgandi ofurhetjur sem þjóta um á hjólastólum draga brosið fram.

Gaman saman

Það er nauðsyn annað slagið að brjóta upp vinnudaginn með glensi og gamni. Það þjappar starfsfólkinu saman og eykur samheldni, auk þess að vera þrælgóð skemmtun. Hugmyndir að skrifstofuleikjum og góðum stundum eru ótæmandi en til dæmis er hægt að:

- Hafa hrósdag þar sem vinnufélögunum er hrósað í hástert.
- Halda hjólastólakeppni. Hver kemst hraðast í mark?
- Efna til Ólsen, Ólsen-móts. Bannað að vera tapsár.
- Hafa hlutverkaskipti. Hvernig skyldi vera að sitja í forstjóra-stólnum í einn dag?
- Halda hláturdag með hláturjóga, bröndurum og stuði. Það lofar góðri skemmtun.
- Hafa kósi náttfatadag, með böngsum, kúri og notalegheitum.
- Hengja upp fermingarmyndir og giska á hver er hver yfir góðum fermingarveitingum, brauðtertum og kransabítum.
- Hafa tiltækar hárkollur, trúðsnef, grimur og fleira til að gripa í og hafa gaman.
- Vera með nammiágiskun. Hvað eru margar Freyjukaramellur í skálinni? Sá sem giskar rétt vinnur.
- Drífa alla út í snú snú þegar sólin skin í hádeginu, eða í snjókast þegar snjóar úti.
- Efna til keppni í pilukasti er spennandi. Líka stafsetningarkeppni.
- Hversu vel þekkirðu vinnufélagana? Setjið staðreynd og lygi um sjálf ykkur í pott, síðan er dregið og aðrir geta um hvern ræðir.



Fyrirverandi Bandaríkjaforseti Donald Trump við skrifborðið fræga.

Merkilegt skrifborð

Hin víðfræga sporöskjulaga skrifstofa Bandaríkjaforseta er sennilega ein þekktasta skrifstofa sögunnar. Eitt af því sem er merkilegt við þá skrifstofu er skrifborðið, sem gengur undir heitinu „Resolution desk“. Tilurð skrifborðsins má rekja aftur til ársins 1855 þegar George Henry fann yfirgefna skipið H.M.S. Resolute nálægt Baffin-eyju á norðurheimskautssvæðinu. Skipinu var skilað til Englands og notaði breski sjóherinn það í mörg ár til viðbótar.

Eftir að hætt var að nota skipið var ákveðið að smíða heljarinnar skrifborð úr eikinni úr skipinu, sem vóg hvorki meira né minna en um 460 kíló. Viktoría drottning gaf Bandaríkjaforsetanum Rutherford B. Hayes það að gjöf árið 1880 og hefur það verið geymt á annarri hæð Hvíta hússins, á fyrstu hæðinni og auðvitað á forsetaskrifstofunni. Alls hafa átta Bandaríkjaforsetar notað borðið frá árinu 1977, að undanskildum George H. W. Bush eldri.

Skrifstofan er á Netflix

Langvinsælasti sjónvarpsþátturinn á Netflix í Bandaríkjunum á síðasta ári var gamanþátturinn The Office, en alls streymdu bandarískir notendur meira en 57 milljörðum mínútna af þættinum árið 2020. Margir bandarískir Netflix-áskrifendur voru því að vonum leiðir yfir því að missa þáttinn af Netflix um síðustu áramót, en á sama tíma fengu íslenskir aðdáendur þennan hvalreka inn á sína veitu.

Þættirnir The Office eru byggðir á samnefndum, breskum gamanþáttum og voru upphaflega sýndir á bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC á árunum 2005-2013. Þeir gerast á skrifstofu pappírsfyrirtækis í smábænum Scranton í Pennsylvaníu-riki og margir áhorfendur eiga auðvelt með að tengja við vandræðalega hegðun og hversdagsleg vandamál persónanna. Þættirnir fóru hægt af stað en vinsældir þeirra hafa vaxið jafnt

og þétt og á allra síðustu árum hafa þeir orðið óheyrilega vinsælir á streymisþjónustum. Þessar vinsældir aukast ár frá ári og það skal ekki koma neinum á óvart að þættirnir hafa verið stöðugt meðal tíu vinsælustu titlanna á Íslandi síðan þeir komu inn. Það er gleðiefni að Íslendingar hafi greiðan aðgang að þessum vinsælu og vönduðu gamanþáttum, sem skipa sérstakan sess í hjörtum margra grínadænda.



Bandarísku gamanþættirnir The Office eru margverðlaunaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bókhald & laun



Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar





„Skrifstofutimar eru frá 12-13, með klukkutíma löngu hádegishléi.“ **George S. Kaufman.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

Skrifvitnanir

Ég mæti alltaf snemma á skrifstofuna, en bæti upp fyrir það með því að fara snemma heim.“

Charles Lamb.

„Ef vinna er svona frábær, þá myndu þeir ríku geyma meira af henni fyrir sjálfa sig.“

David Brent.

„Mér líkar við vinnu; hún hrifur mig. Ég get setið og horft á hana klukkustundum saman.“

Jerome K. Jerome.

„Enginn, jafnvel ekki þeim sem auðnast hefur að ná miklum árangri og láta sem það sé létt verk, hefur náð takmarki sínu án þess að vinna að því eins og skepna.“

Jonathan Sacks.

„Björglas stýttir líf þitt um eina mínútu, vinglas um tvær mínútur og vinnudagur um sjö til tíu klukkustundir.“

Óþekktur.

„Veldu fyrirtækið sem þú vinnur fyrir eins og þú velur þér lífsförunaut; þegar upp er staðið eyðir þú meiri tíma í vinnunni en með lífsförunautinum.“

Ravi Kapilalai.

„Ég starfaði eitt sinn hjá atvinnuleysisstofnun. Ég hataði starfið, því þegar þeir ráku mig, þá þurfti ég samt að mæta í vinnuna.“

Wally Wang.

„Besta leiðin til að sætta sig við starfið sitt er að ímynda sér sjálfan sig án vinnu.“

Oscar Wilde.

„Ég þarf að vinna svo mikla pappírsvinnu að pappírsvinnan mín krefst pappírsvinnu.“

Gabrielle Zevin.

„Enginn maður fer á undan sínum tíma – nema að yfirmaðurinn fari snemma.“

Groucho Marx.

Góður stóll nauðsynlegur

Þegar unnið er löngum stundum við skrifborð er mikilvægt að sitja í góðum stól. Það er mikilvægt að skrifborðsstóllinn sé stillanlegur svo notandinn geti aðlagð hann að sínum þörfum. Það sem mikilvægt er að hægt sé að stilla er armbríkin, stólbakið og hæð sætisins og halli. Það er mikilvægt að stólbakið styðji vel við mjóhrygginn til að koma í veg fyrir bakverki. Góður skrifborðsstóll þarf að vera með háu baki til að styðja við háls og höfuð notandans. Það kemur í veg fyrir hálsrig og eykur þægindi við vinnu. Einnig er mikilvægt að skrifborðsstóll sé með þægilegri sessu en það kemur í veg fyrir þreytu í setbeinum. Þá er mikilvægt að einfalt sé að stilla stólinn svo stillingarnar komi að einhverju gagni.



Viðskiptaferðum mun fækka

Bill Gates, stofnandi Microsoft, telur að viðskiptaferðum muni fækka um helming í framtíðinni og telur einnig að heimaskrifstofan sé komin til að vera. Bill Gates sótti Dealbook ráðstefnu New York Times í nóvember en þar deildi hann skoðunum sínum á viðskiptaferðum og heimaskrifstofu í framtíðinni. Hann telur að heimsfaraldurinn

muni breyta ferðavenjum fólks verulega, samkvæmt CNBC.

„Spá mín er sú að yfir 50 prósent allra viðskiptaferða hverfi og fólk mun mæta færri daga á skrifstofuna,“ sagði Gates á ráðstefnunni. Hann telur að fyrirtæki muni draga verulega úr viðskiptaferðum starfsmanna auk þess sem mikill sparnaður hlýst af því að láta fólk vinna heima. Þá verði

sömuleiðis dregið úr persónulegum fundum.

Bill Gates sem hefur unnið mikið með helstu lyfjafyrirtækjum heims lýsti því yfir að hann hefði tekið þátt í mörgum stórum fundum í gegnum fjarskiptabúnað og gengið vel. „Einstaka vinnuferðir verða nauðsynlegar en ég á von á að þeim muni fækka verulega.“



Bill Gates hefur setið margar ráðstefnur í gegnum tölvuna.

VETRAR TILBOÐ á skrifborðsstólum



Fást í svörtu og hvítu
með eða án höfuðpúða



30% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ
61.372
m.VSK



www.ag.is



ag@ag.is



510 7300



Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur



Umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum er innan við tíundi hluti af því sem hún var í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhugasamir um Ísland

Norðmenn, Bretar og Frakkar sýna Íslandi mikinn áhuga. Konur eldri en 65 ára frá umræddum löndum voru áhugasamastar. Kanar og Kanadabúar áhugalitlir.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Þrátt fyrir að umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum sé í lágmarki um þessar mundir þá sýna Norðmenn, Bretar og Frakkar því mikinn áhuga að ferðast til Íslands ef marka má stafræna auglýsingaherferð sem birtingahúsið MediaCom gerði fyrir viðskiptavin sinn og birt var frá jólum og fram í miðjan janúar.

„Við höfum ekki áður upplifað jafn mikla smellivirkni á vefauglýsingaborða sem auglýsa Ísland sem áfangastað,“ segir Diðrik Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri stafrænna miðla hjá MediaCom. Hann segir að um átta prósent þeirra sem sáu vefborðana hafi smelt á þá.

„Það er athyglisvert að konur eldri en 45 ára höfðu meiri áhuga en aðrir og smelltu í 20 prósent tilvika. Það er mun herra hlutfall en hefur mælst áður af slíkum herferðum sem fyrirtækið hefur unnið með á erlendum mörkuðum,“ segir Diðrik Örn.

Herferðin var sýnd í Bandaríkjunum og Kanada, Evrópu og á Norðurlöndunum. Íbúar frá Bandaríkjunum og Kanada sýndu auglýsingaherferðinni litinn áhuga.

„Konur, 65 ára og eldri, í Bretlandi, Frakklandi og Noregi sýndu auglýsingunum mestan áhuga. Yfir-

Við höfum ekki áður upplifað jafn mikla smellivirkni á vefauglýsingaborða sem auglýsa Ísland sem áfangastað.

Diðrik Örn
Gunnarsson hjá
MediaCom



leitt horfa flestir á netauglýsingar í síma en það var athyglisvert að nú sáu flestir þær í spjaldtölvum. Ég tel að það megi rekja til þess að fólk er heima hjá sér í spjaldtölvunni í ró og næði að velta fyrir sér ferðalögum af meiri alvöru en þegar slíkt er gert í gegnum síma. Þá eru meiri líkur á að þeir sem eru í ferðahugleiðingum gangi frá söluinni,“ segir Diðrik Örn sem lætur þess getið að COVID-19 faraldurinn hafi verið skæður á sama tíma í löndunum þremur.

Gott væri að fá umræddan hóp til Íslands. „Þessi hópur, konur sem eru 65 ára og eldri, hefur meiri tíma til að ferðast og hefur alla jafna meira á milli handanna en þeir sem yngri eru. Að sama skapi gæta þau sín meira á COVID-19. Það eru mikil tækifæri fölginn í því fyrir íslenska ferðabjónustu að nú er Ísland skilgreint sem grænt COVID-land. Það væri skynsamlegt að reka auglýsingaherferðir sem byggja á fallettri náttúru og reyna að fá fólk til að ganga

frá bókun gegn afslætti. En svo mun skipta höfuðmáli hvernig ferðatakmarkanir verða við landamærin í sumar hvernig áhugi á Íslandi sem ferðamannalandi mun þróast. Það er ekki nóg að skapa áhuga á að ferðast hingað heldur þarf fólk að geta komist hingað tiltölulega auðveldlega,“ segir hann.

Á sama tíma var keyrð leitarorðaauglýsing á Norðurlöndunum og í Frakklandi. Leitarorðavirknin jókst ekki í Frakklandi en herferðin gaf góða raun á Norðurlöndunum. Flestir leituðu að orðum á borð við Ísland, hótél og gisting. „Í Noregi voru þó 32 sem leituðu að strákafærð til Íslands,“ bendir Diðrik Örn á.

Að hans sögn er umfjöllun um Ísland í erlendum fjölmiðlum innan við tíundi hluti af því sem hún var í sumar og vitnar í samantekt almannatengslafyrirtækisins Cohn & Wolfe á Íslandi, sem er systurfyrirtæki MediaCom.

Diðrik Örn segir að hugsanlega megi skýra þennan óvenju góða árangur með því að lítið sé auglýst í ferðabjónustu um þessar mundir. „Fyrirtækin eru öll einfaldlega í sárnum, og það ekki bara á Íslandi. Það er hins vegar ljóst, og á það hafa bæði MediaCom og Cohn & Wolfe á Íslandi bent viðskiptavinum á undanfarið ár, að ef yfir höfuð er kostur á að setja eitthvað fé í stafrænar auglýsingar þá sé tækifæri til að ná til tilvonandi viðskiptavina með hagkvæmari hætti núna en áður,“ segir hann.

Háskólinn skoðar kaup á Hótel Sögu

Háskóli Íslands hefur til skoðunar að festa kaup á húsnæði Hótel Sögu. Þetta staðfestir Jón Atli Benediktsson, rektor skólans, í samtali við Markaðinn, og nefnir að viðræður standi yfir við menntamálaráðuneytið um kaupin.

Hann segir að horft sé til þess að flytja menntasvið Háskóla Íslands frá Stakkahlið í bygginguna. Að sama skapi sé til skoðunar að þar verði skrifstofur, tæknideild og stúdentagarðar. Stefnt hafi verið á að flytja menntasvið frá því að Háskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskólanum árið 2008.

Aðspurður segir Jón Atli að það væri ódýrara að festa kaup á Hótel Sögu, að gefnum tilteknum forsendum, en að byggja nýtt húsnæði. Eignin krefjist einhverra endurbóta til að aðlaga hana að skólastarfinu.

Háskólinn er með mikla starfsemi í grennd við Hótel Sögu; fyrir-



Jón Atli
Benediktsson,
rektor Háskóla
Íslands

lestrar eru haldnir í Háskólabíói sem stendur á móti hótelinu. Þjóðarbókhlaðan er steinsnar frá og við bókasafnið er verið að byggja Hús íslenskuinnar, Tæknigarður er við Dunhaga, VR-II, þar sem meðal annars verkfræði er kennd, er við Hjarðarhaga og Veröld - hús Vigdisar er spölkorn frá hótelinu. Handan við Suðurgötu er nokkur fjöldi bygginga á vegum háskólans, eins og til dæmis Aðalbyggingin, Lögberg og Árnagarður.

Bændahöllin, félag í eigu Bandasamtaka Íslands sem á umrædda fasteign, og Hótel Saga, félag í eigu

samtakanna sem hafði með höndum rekstur hótelsins, eru í greiðsluskjóli. Sú heimild gildir til 7. apríl. Alþingi samþykkti síðastliðið sumar lög um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar til handa fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum sem rekja má til kórónaveirukreppunnar.

Halla tók undan rekstrinum fyrir heimsfaraldurinn því hótelið var rekið með tapi á árunum 2017 til 2019. Tapið var 34 milljónir króna árið 2017, 182 milljónir árið 2018 og 402 milljónir árið 2019.

Heimildir Markaðarins herma að umtalsverður fjöldi, hátt í 20 innlendir sem erlendir, hafi sýnt húsnæðinu áhuga.

Bændahöllin skuldaði 3,9 milljarða við árslok 2019, þar af 3,6 milljarða til lánastofnana. Heimildir herma að skuldirnar hafi vaxið nokkuð frá þeim tíma. – hvj

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR



GRÍSKIR MIÐVIKUDAGAR

Í FEBRÚAR



GEGGJADIR GRÍSKIR RÉTTIR OG KOKTEILAR

frá kl. 17.00

Feta me filo 2.190 kr.

Grískur turn 2.390 kr.

Gyro 2.890 kr.

Spínatbaka / Spanikopita 2.890 kr.

Mousakka 2.990 kr.

EFTIRRÉTTUR

Loukomades 1.790 kr.



FJALLKONAN FAGNAR ÞÉRI!

Skotsilfur



Rætur í útgerð

Gréta María Grétarsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Krónunnar, var á nýlega ráðin til sjávarútvegsfyrirtækisins Brims þar sem hún mun gegna stöðu framkvæmdastjóra nýsköpunar, samfélagsábyrgðar og fjárfestategsla. Gréta María á ekki langt að sækja áhugann á sjávarútvegi en faðir hennar, Grétar Mar Jónsson skipstjóri, sat á Alþingi fyrir Frjálslynda flokkinn á árunum 2007 til 2009 og var formaður þingflokksins. Á þingi talaði Grétar Mar ötullega fyrir frjálsum handfæraveiðum og breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu. Þá var hann Formaður Vísis, félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum.



Gylfi hlynntur

Viðbrögðin við áformum ríkissjóðs um að selja hlut í Íslandsbanka hafa verið á báða bóga. Daði Már Kristófersson prófessor, varaformaður Viðreisnar, gagnrýndi áformin í nýlegri færslu á Facebook. Hefur hann áhyggjur af því að salan feli í sér einkavæðingu á hagnaði en ríkisvæðingu á tapi ef illa fer. Athylli vakti að **Gylfi Arnbjörnsson**, fyrrverandi forseti ASÍ, blandaði sér í umræðuna og talaði gegn viðtæku eignarhaldi ríkisins. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort ríkið ætti að taka áhættu af bankarekstri og hækka skatta til að greiða fyrir hallarekstur eða draga úr áhættuekstrinum og greiða niður skuldir. Óhætt er að segja að afstaða Gylfa sé ólík því sem heyrst hefur frá núverandi forystu ASÍ. Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi varaformaður Viðreisnar, talaði á sömu nótum og benti á að umræðan um einkavæðingu hagnaðar og ríkisvæðingu taps í bankastarfsemi ætti ekki við þar sem umfangsmiklar breytingar hefðu verið gerðar á regluverkinu eftir hrun.



Sproti án aðildar

Samtök atvinnulífsins stóðu á dögum fyrir veitingu menntaverðlauna atvinnulífsins en þar var skyndibitakeðjan Domino's valin menntasproti ársins 2021. **Birgir Þór Birgisson** framkvæmdastjóri tók við verðlauninum en hann hefur ekki leynt óánægju sinni með gerð lífskjarasamningsins sem samtökin stóðu að. Mikill samdráttur í rekstrarhagnaði skyndibitakeðjunnar, sem rekja má til hækkunar á launakostnaði, varð til þess að Domino's sagði sig úr SA og gekk í hin nýju Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði. Birgir hefur sagt að veitingareksturinn hafi vantað rödd innan Samtaka atvinnulífsins og að gengið hafi verið of langt í gerð lífskjarasamningsins miðað við getu greinarinnar til að borga hærri laun.



Skutu gúmmískotum á mótmælendur



Fjöldi fólks flyktist til að mótmæla í borgum Mayanmar fjórða daginn í röð þrátt fyrir að herinn hafi bannað mótmæli gegn valdaráni hans. Landið var lýðveldi í minna en áratug. Eftir bannið fækkaði mótlendum. Lögreglan í höfuðborginni Naypyidaw skaut byssukúlum úr gúmmí og sprautaði vatni á mótmælendur. Þeir segjast ekki taka mark á banninu enda ekki komið á með lýðræðislegum hætti. FRÉTTABLAÐID/EPA

Tímabært að taka stóru skrefin


/// Fjárfesting í UFS-sjóði margfaldast á nokkrum árum

86% fjárfesta í Evrópu segja að sjálfbærni sé eða muni á komandi árum verða miðpunkturinn í fjárfestingarstefnu þeirra

77% fjárfesta í Evrópu notast nú þegar við eða stefna á að innleiða UFS upplýsingar í fjárfestingarákvarðanir sínar

Heimild: 2020 Global Sustainable Investing Survey, könnun á meðal 425 fjárfesta í 27 löndum (eignir í stýringu samtals \$25tn) framkvæmd af Blackrock

\$203 ma. dala flæddu inn í UFS sjóði á tímabilinu janúar - september 2020, aukning um 173 ma. dala frá 2016



Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Eyrir Venture Management



Marta Hermannsdóttir, sérfræðingur í áhættustýringu hjá Eyrir Venture Management

Loftslagsbreytingar, ósjálfbær nýting auðlinda og ójöfnuður skapa raunverulega ógn við framtíð komandi kynslóða og því er mikilvægt að huga að því hvernig innviðir, fjármálakerfi og verðmætasköpun í dag styðja það verkefni að stöðva óæskilega þróun og búa okkur undir áskoranir framtíðarinnar. Ísland býr yfir auðlindum og gildum sem gerir okkur kleift að takast á við verkefnið og styðja við sjálfbæra verðmætasköpun til framtíðar. Hrein orka, hrein ímynd landsins, lýðræði og jafnrétti gera okkur kleift að byggja upp arðbær alþjóðleg fyrirtæki á Íslandi. En til þess að ná betri árangri og verða leiðandi á sviði sjálfbærni þurfum við að standa vörð um þessi gildi og leggja markvissa vinnu í að byggja upp og fjármagna fyrirtæki framtíðarinnar.

Hvers konar árangur?

Með því að horfa ekki eingöngu á fjárhagslega þætti við ákvörðunartöku heldur einnig umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS), getum við skapað sjálfbæra arðsemi til lengri tíma.

Eyrir Venture Management er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og við höfum sett okkur ramma um umhverfismál, félagsþætti og stjórnunarhætti (UFS) sem öll okkar ákvörðunartaka byggir á. Þar að auki styðjum við fyrirtækin

sem við erum hluthafar í við að ná sjálfbærnimarkmiðum sínum og erum að setja upp ferla sem snúa að aukinni upplýsingagjöf og markvissari framför fyrirtækjanna á sviði UFS. Við gerum þetta ekki eingöngu vegna þess að við teljum það siðferðislega rétt, heldur er áhersla á sjálfbærni og UFS einnig góð áhættustýring sem skilar betri ávöxtun til framtíðar.

Mannréttindabrot, hlýnun jarðar, spilling, mengun sjávar og fleiri umfangsmikil vandamál ógna verulega framtíð okkar allra. Þessi atriði ógna einnig eignasöfnum fjárfesta til bæði skamms og lengri tíma. Að huga að umhverfismálum, jafnrétti, gagnsæi og góðum stjórnarháttum gerir fyrirtækjum kleift að takast fyrr og betur á við áhættur tengdar þessum vandamálum og grípa tækifærin sem þeim fylgja. Síðasta ár sýndi fram á að fyrirtæki og fjárfestingarsjóðir sem horfa til UFS í ákvarðanatöku standa sig betur á óvissutímum og eru betur í stakk búin til að takast á við áföll.

Fjárfestum í betri framtíð

Velgengi og ímynd fyrirtækja á sviði UFS er nátengd orðspori þeirra og skiptir neytendur sífellt meira máli við val á vörum og þjónustu, því framtíðin skiptir okkur öll máli. Þetta hefur mikil áhrif þegar kemur að því að selja fyrirtæki úr eignasafni sjóða í framtíðinni. Fyrirtæki

» Dæmi eru um fyrirtæki á Íslandi sem hafa náð góðum árangri við lækkun skulda og hækkun láns-hæfismats með grænum fjármögnunarramma.

sem hafa náð sjálfbærnimarkmiðum yfir lengri tíma, svo sem að stuðla að loftslagsvænni framtíð og tryggja góða stjórnarhætti, verða verðmætari en önnur.

En verðmæti fyrirtækja liggur ekki bara í vöru, heldur líka í teymiinu á bak við vöruna. Gott starfsfólk sækir í fjölbreytt teymi því slík teymi eru líklegri til að ná árangri og vinnan verður skemmtilegri. Að búa yfir sterkum gildum og ástriðu fyrir þeim sjálfbærnimarkmiðum sem unnið er að er einnig mikilvægt til þess að laða til sín og halda í gott starfsfólk.

Það liggja því stór tækifæri í því að setja sér stefnu og ná mælanlegum markmiðum á sviði UFS, bæði fyrir fyrirtæki og fjárfesta.

Fjármagn á betri kjörum

Eitt það mikilvægasta sem huga þarf að í vegferðinni að sjálfbærri verðmætasköpun er fjármögnun nýsköpunar og verkefna sem styðja við betri framtíð fyrir alla. Fjármögnun á sjálfbærum verkefnum

getur verið aðgengilegri og hagstæðari, til dæmis græn skuldabréf eða lán með kröfu um ákveðið UFS markmið, svo sem markmið um kolefnishlutleysi. Dæmi eru um fyrirtæki á Íslandi sem hafa náð góðum árangri við lækkun skulda og hækkun láns-hæfismats með því að setja sér grænan fjármögnunarramma, og ættu fleiri stærri fyrirtæki og fjármálastofnanir að geta leikið það eftir.

Þetta er erfiðara fyrir sprotafyrirtæki sem eru smærri og ekki með láns-hæfismat. Þar sem fjármögnunarræði eru fá og fjármagnskostnaðurinn hér á landi hár eru of mörg dæmi um verkefni sem hafa lagst af áður en þau fengu að sanna sig. Til að ná árangri til lengri tíma þarf fjármögnun að koma úr mörgum áttum. Því er tækifæri fyrir fjármálastofnanir og lífeyrissjóði til að setja upp sjálfbærni-fjárfestingarramma með áherslu á nýsköpun í sátt við samfélag og umhverfi til þess að styðja við vegferð sjálfbærrar verðmætasköpunar. Metnaður og mælanlegur árangur á sviði umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta eru undirstaða þess að fá fjármagn á betri kjörum, sem er það sem við þurfum til þess að byggja upp öflugt efnahags- og atvinnulíf á sama tíma og við getum verið í þeirri öfundsverðu stöðu að taka þátt í uppbyggingu betri framtíðar.

Dreymir um að reisa sitt eigið hús

Svipmynd

Þrúður Maren Einarsdóttir

Störf:

Hóf störf á sérvörusviði Haga 2010 og hef sinnt fjármálastjórástöðu síðan 2014 innan samstæðu Haga. Tók við starfi fjármálastjóra Olís í september 2020 og sinni einnig stöðu fjármálastjóra fyrir Noron ehf., Útilíf og Reykjavíkur Apótek.

Menntun:

B.S.c í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2010

Fjölskylduhagir:

Gift Einari Þór Sigurðssyni, blaðamanni á Fréttablaðinu og saman eigum við tvo stráka, Óliver Emil (7 ára) og Sigurð Gauta (6 ára).

Þrúður Maren Einarsdóttir tók við starfi fjármálastjóra Olís í september 2020. Þrúður hefur mikinn áhuga á arkitektúr og þessa dagana er hún að teikna drög að húsi sem hún vill byggja í framtíðinni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Samvera með fjölskyldunni skiptir mig mestu máli og eyði ég mínum frítíma með henni í hreyfingu og leik. Þeir sem að þekkja mig vita að ég elska að elda og baka og gefa fólki að borða. Ég byrja oftast daginn um helgar í eldhúsinu og



Þrúður hóf störf hjá Högum árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

baka eitthvað fyrir fjölskylduna með morgunkaffinu. Ég hef ólæknaði áhuga á tisku og fallegum flíkum, það er fátt skemmtilegra en að kaupa sér vandaða flík. Ég hef mik-

inn áhuga á arkitektúr og hönnun og hef gaman af því að hafa fallett í kringum mig. Þessa dagana er ég að reyna að sannfæra manninn minn um að byggja hús með mér en það

væri algjör draumur. Einn daginn mun ég svo byrja að mála og læra leirmótun.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Virku dagana er frekar föst rútin. Ég vakna yfirleitt fyrst af öllum og vek mannskapinn í rólegheitum. Ég trúi á jákvæð samskipti á morgnana og gef yfirleitt eftir ef þess þarf. Sem þýðir að ég finn til fót fyrir strákana mína og hjálpa þeim afstað ef þess þarf, sumir eru einfaldlega þreyttari en aðrir. Ég fæ svo minn tíma, vel fót, hreinsa húðina vel, næri hana og undirbý fyrir daginn. Markmiðinu er svo náð þegar allir fara glaðir og sáttir inn í daginn.

Næðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Ég verð að viðurkenna að ég á oft langa vinnudaga. En ég hef alltaf sett mér þá reglu að vera komin heim fyrir kvöldmat. Elda og borða með fjölskyldunni minni og hjálpa strákunum mínum við heimanámið. Þegar þeir eru sofnaðir þarf ég oft að setjast niður og klára vinnudaginn. Ég er svo heppin að ég deili ábyrgð með manninum mínum sem er sjálfur í þeirri stöðu að þurfa að sinna sínu starfi líka heima við ef svo ber undir og því skilningur beggja vegna.

Hvað felst í starfinu?

Sem fjármálastjóri fyrir þau félög sem ég starfa fyrir í samstæðu Haga hef ég yfirumsjón með bókhaldi og skýrslu- og áætlunargerðum, innheimtu og uppgjörum. Ég er í góðum samskiptum við mis-

munandi deildir fyrirtækjanna og til taks fyrir rekstrarstjóra, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Ég reyni að horfa á þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir frá degi til dags með það í huga að reyna að gera okkur skilvirkari og veita góða upplýsingagjöf.

Hvaða áskoranir eru framundan?

Síðustu misseri hafa verið viðburðarík í þjóðfélaginu – og heiminum öllum – og við hjá Olís höfum ekki farið varhluta af því. Áhrif og afleiðingar COVID-19 höfðu mikil áhrif á stærstan hluta síðasta árs og þetta ástand virðist ætla að fylgja okkur áfram fram eftir þessu ári. Olís hefur þurft að hugsa upp nýjar leiðir og nálgast reksturinn með öðrum forsendum. Fyrir utan COVID-19 eru orkuskipti í samgöngum hraðari en gert var ráð fyrir og aukin meðvitund neytandans um kolefnisfótspor. Í því samhengi hefur Olís standsett fjórar hraðhleðslustöðvar, í Álfheimum, Siglufirði, Höfn í Hornafirði og núna síðast á Reyðarfirði. Þessi fjölgun rafhleðslustöðva er liður í aukinni þjónustu við viðskiptavinum okkar um landið. Við eins og svo mörg fyrirtæki biðum eftir því að ferðamennirnir láti sjá sig og glæði líf í efnahag landsins.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég hugsa að ég myndi velja arkitekt. Ég er að reyna að teikna upp mitt eigið hús þessa dagana með blýanti og blaði og hlutföllin kannski ekki öll á rétt, en það er annað mál.

Náðu lengra – verum samferða



Einkabankþjónusta Arion banka veitir efnameiri einstaklingum og lögaðilum viðtæka fjármálaþjónustu með áherslu á persónuleg tengsl og árangur til langs tíma.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar á einkabankathjonusta@arionbanki.is eða í síma 444 7410.



SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Fórnfýsi

Fimm heimspekingar birtu grein í Fréttablaðinu í gær þar sem þeir varpa fram „áleitnum“ spurningum um viðræður sóttvarnaryfirvalda við Pfizer sem miða að því að Ísland verði tilraunaland fyrir fjórða fasa rannsókn á bóluefni fyrirtækisins við kórónuveirunni. Spurningalistinn er ekki alsælur. Skilyrðin sem myndu felast í endanlegum samningi – ef hann næst á annað borð – og staða þeirra sem vilja ekki taka þátt í rannsókninni eru mikilvæg atriði.

Heimspekingarnir ganga enn lengra. Þeir spyrja hver rökin séu fyrir því að rannsóknin fari fram hér á landi í ljósi þess að skortur er á bóluefni um allan heim um fyrirsjáanlega framtíð, sér í lagi hjá fátækari ríkjum heims. Þeir benda á að bólusetning af þessari stærðargráðu geti bjargað fleiri mannlífum í löndum eða borgum þar sem heilbrigðiskerfi standa nú þegar höllum fæti.

„Yrði ávinningur þátttakenda því ef til vill meiri ef rannsóknin færi fram annars staðar?“ spyrja þeir enn fremur. Þá velta þeir fyrir sér hvort hætta sé á að rannsóknin skaði orðspor þjóðarinnar. Þetta er kunnuglegt stef.

Reglulega koma upp stór hagsmunamál þar sem stjórnvöld eiga í samskiptum við alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki. Þegar svo ber við má nú slá því föstu að ákveðinn hópur þrýsti á stjórnvöld að víkja frá grundvallarhlutverki sínu, þ.e. að standa fyrst og fremst vörð um hag Íslendinga. Fórnfýsi íslenska ríkisins gagnvart öðrum þjóðum verður æðsta dyggðin. Þessi nýstárlega skoðun á hlutverki ríkisins kom skýrt fram í Icesave-deilunni og nú dúkkar hún aftur upp þegar ærið og brýnt verkefni er fyrir höndum.

Losun hafta á slitabú bankaanna er dæmi um farsæla niðurstöðu sem grundvallaðist á því að þjóðarhagsmunir voru settir í algjöran forgang. En mörg dæmi eru um hið gagnstæða. Auk Icesave-samninganna má nefna skilyrðislausu þátttöku í viðskiptaþvingunum gagnvart Rússlandi, og nú síðast frumkvæðisleysi stjórnvalda þegar kom að því að útvega landsmönnum bóluefni gegn COVID-19.

Reynslan af samningatækni íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi er ekki hughreystandi og við þurfum síst meiri fórnfýsi af því tagi sem heimspekingarnir leggja til.

Ekki lengur Íslandsálag á Marel

Verðmatsgengi Marel samkvæmt greiningu Jakobsson Capital hækkar um 5 prósent frá síðasta verðmati. Það er nú 839 krónur á hlut samanborið við markaðsgengið 911.

Greinandi Jakobsson bendir á að Marel sé verðlagt á nærri fimmtíuföldum hagnaði. Samanburður við erlend félög sem svipar til Marel bendi til þess að verð fyrirtækisins sé nokkuð hátt nema að fjárfestar reikni með mun meiri tekjuvexti.

„Það er gjörbreytt staða en var fyrir þremur árum, áður en félagið var skráð í erlenda kauphöll,“



Árni Oddur
Þórðarson

skrifar greinandinn og bætir við að Marel hafi verið með vanmetnari fyrirtækjum á markaði 2018. Verðmatsgengi hafi þá verið á bilinu 30-50 prósentum hærra en markaðsgengi.

